

UNDIRBÚNINGUR RÝNIFUNDA

30. UTANRÍKISTENGLS ESB

2. Utanríkistengsl - sameiginleg viðskiptastefna ESB

Yfirlit yfir sjónarmið sem taka þarf tillit til vegna sérstöðu Íslands

Samningahópur um utanríkisviðskipti, utanríkis- og öryggismál hefur unnið greinargerð um helstu atriði sem hafa þarf í huga varðandi þann hluta 30. kafla um utanríkistengsl Evrópusambandsins (ESB) sem lýtur að sameiginlegri viðskiptastefnu ESB. Í greinargerðinni er fjallað um inntak sameiginlegu viðskiptastefnunnar, helstu málaflokka hennar - fjölbjóðasamstarf, viðskiptasamninga og einhliða ráðstafanir og áhrif þeirra hér á landi ef til aðildar kemur hvað varðar stefnumið, lagabreytingar, samninga og markaðsaðgang.

Sameiginleg viðskiptastefna ESB er mikilvæg stoð í utanríkisstefnu sambandsins. Undir hana falla m.a. viðskipti við ríki utan ESB og gerð viðskiptasamninga við þriðju ríki. Einnig falla undir stefnuna ýmsar einhliða ráðstafanir sem varða milliríkjaviðskipti, svo sem mótvægisáðgerðir vegna óréttmætra viðskiptahátta og aukinn markaðsaðgangur hjá ESB fyrir þróunarríki, sérstaklega fyrir fátækustu ríki heims.

ESB fer með fullar valdheimildir (e. *exclusive competence*) á sviði sameiginlegu viðskiptastefnunnar. Stofnanir ESB fara því með framkvæmd sameiginlegu viðskiptastefnunnar og sjá um samningsgerð um viðskipti við ríki eða ríkjahópa utan ESB. Ráðið veitir framkvæmdastjórn ESB heimild til þess að hefja viðræður og heldur hún utan um þær í samráði við viðskiptastefnunefnd ESB (e. *Trade Policy Committee*). Viðskiptastefnunefndin heyrir undir ráðið og í henni sitja fulltrúar allra aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar. Nefndin ræðir málefni viðskiptastefnunnar og er því vettvangur fyrir aðildarríkin að koma hagsmunum sínum og sjónarmiðum á framfæri. Evrópuþingið kemur að setningu reglugerða um framkvæmd sameiginlegu viðskiptastefnunnar, framkvæmdastjórnin upplýsir þingið um gang mála í samningaviðræðunum og þarf jafnframt að staðfesta niðurstöðu samningaviðræðna um viðskiptasamninga m.a. fríverslunarsamninga.

Komi til aðildar Íslands að ESB verður Ísland þátttakandi í sameiginlegri viðskiptastefnu sambandsins. Við það mun Ísland þurfa að segja upp öllum gildandi fríverslunarsamningum sínum við þriðju ríki og breyta öðrum viðskiptasamningum þannig að þeir samræmist regluverki ESB. Ísland mun einnig þurfa að beita öllum alþjóðaviðskiptasamningum ESB sem og reglum sambandsins á þessu sviði.

Enda þótt fríverslunarsamninganet Íslands annars vegar og ESB hins vegar nái í flestum tilvikum til sömu ríkja og veiti sambærilegan markaðsaðgang fyrir helstu útflutningsafurðir Íslands, er það ekki algilt. Ef til aðildar kemur mun í einhverjum tilvikum verða breyting á markaðsaðgangi fyrir íslensk fyrirtæki, þ.e. að einhver markaðsaðgangur ávinnist inn á markaði utan sambandsins og tapist á öðrum.

Samningahópurinn leggur til að á rýnifundum með framkvæmdastjórn ESB verði gefið skýrt til kynna að eftirfarandi atriði þurfi að ræða frekar:

- Tryggja þarf markaðsaðgang fyrir helstu útflutningsvörur og -þjónustu Íslands á mikilvægustu mörkuðum ESB og í fríverslunarsamningum eða -viðræðum ESB þar sem Ísland á hagsmuni að gæta. Um er að ræða tilteknar iðnaðarvörur, sjávarafurðir og landbúnaðarvörur og mikilvæg þjónustusvið.
- Tryggja þarf að í fríverslunarsamningum eða -viðræðum ESB við ríki utan sambandsins verði tollar afnumdir eða lækkaðir hjá ESB á innflutningsvörum sem eru mikilvægar fyrir Ísland eða að sambærilegur aðgangur til Íslands verði tryggður með öðrum leiðum. Má þar nefna hráefni til iðnaðar og fiskvinnslu frá ríkjum utan sambandsins. Jafnframt að leitast verði við að tryggja hliðstæðan markaðsaðgang fyrir innflutning á þjónustu og er að finna í fríverslunarsamningum sem Ísland á aðild að, þegar um er að ræða sömu ríki og ESB hefur fríverslunarsamning við eða á í viðræðum við.
- Finna þarf lausnir vegna Hoyvíkursamningsins við Færeyjar á þeim sviðum þar sem hann gengur lengra en fríverslunarsamningur ESB og Færeyja, til að tryggja viðskiptatengsl við Færeyjar.

Greinargerð þessi inniheldur yfirferð á regluverki ESB á viðkomandi sviði og samanburð við íslenska löggjöf. Hún tiltekur atriði sem talið er rétt að halda til haga fyrir komandi samningaviðræður. Skjalið inniheldur ekki samningsafstöðu Íslands sem mótuð verður á síðari stigum.

Samningahópur um utanríkisviðskipti, utanríkis- og öryggismál

2. Greinargerð til aðalsamninganefndar um yfirferð rýniblaða í samningahópum

30. kafli: Sameiginleg viðskiptastefna ESB

Efnisyfirlit

EFNI KAFLA	6
A. Sameiginleg viðskiptastefna ESB.....	6
Almennt.....	6
Ákvæði sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SSE) um sameiginlegu viðskiptastefnu ESB.....	7
Markmið sameiginlegrar viðskiptastefnu ESB.....	7
Valdsvið ESB innan sameiginlegrar viðskiptastefnu.....	7
Gildissvið sameiginlegu viðskiptastefnunnar.....	7
Stofnanir sem koma að sameiginlegu viðskiptastefnunni.....	8
Afleidd löggjöf.....	8
Samningar við ríki og ríkjahópa.....	8
Breytt aðkoma Evrópuþingsins með SSE.....	9
Ákvörðunartaka í ráðinu.....	10
B. Einstök málefna viðskiptastefnunnar.....	11
1. Fjölpjóðasamstarf.....	11
1.1. Alþjóðaviðskiptastofnunin.....	11
1.2. Reglur WTO.....	12
2. Viðskiptasamningar.....	12
2.1. Fríverslunarsamningar ESB við ríki og ríkjahópa.....	12
A. EFTA-ríkin – Ísland, Noregur, Sviss og Liechtenstein... 13	
Ísland.....	13
Noregur.....	13
Sviss.....	13
Liechtenstein.....	14
B. Færeyjar og Grænland.....	14
Færeyjar.....	14
Grænland.....	14
C. Tollabandalag – Tyrkland, Andorra og San Marínó.....	15
D. Stöðugleika- og samstarfssamningar ESB við ríki á vesturhluta Balkanskaga: Króatía, Makedónía, Albanía, Serbía, Svartfjallaland og Bosnía og Hersegóvína.....	15
E. Samstarfssamningar Evrópu og Miðjarðarhafslanda: Egyptaland, Ísrael, Jórdanía, Líbanon, Marokkó, Túnis, Alsír og Palestína.....	16
F. Sýrland.....	16
G. Efnahagssamstarfssamningar ESB: CARIFORUM-ríkin, Fílabeinsströndin og Kamerún.....	16
H. Önnur ríki eða ríkjahópar sem ESB hefur gert fríverslunarsamninga við.....	17
2.2. Annað samstarf.....	17

Samstarfssamningar ESB og ríkja í Austur-Evrópu, Suður- Kákasus og Mið-Asíu.....	17
2.3. Samningar um vefnaðarvörur.....	17
2.4. Samningar um stál.....	18
3. Einhliða ráðstafanir.....	18
3.1. Viðskiptavarnir (e. <i>trade defence</i>).....	18
3.1.1. Ráðstafanir gegn undirboðum.....	18
3.1.2. Jöfnunartollar.....	18
3.1.3. Mótvægisáðgerðir (e. <i>safeguards</i>).....	18
3.2. Reglugerð um viðskiptahindranir á erlendum mörkuðum.....	19
3.3. Viðskipti með hluti með tvíþætt notagildi.....	19
3.4. Kimberley-ferlið.....	19
3.5. Viðskipti með vörur sem gætu nýst við aftökur, pyndingar eða aðra grimma, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.....	20
3.6. Útflutningslán (e. <i>export credits</i>).....	20
3.7. Tollfríðindi fyrir fátækustu ríki heims – GSP.....	21
3.8. Reglugerðir um vefnaðarvörur.....	21
MIKILVÆGUSTU GERÐIR.....	21
ÁHRIF KAFLA.....	21
Helstu breytingar m.a. lagabreytingar, markaðsaðgang o.fl.....	21
1. Alþjóðaviðskiptastofnunin – áhrif kafla.....	21
Skuldbindingar eftir samningum.....	21
GATT.....	21
LANDBÚNAÐARSAMNINGUR.....	22
GATS.....	22
OPINBER INNKAUP.....	23
2. Viðskiptasamningar – áhrif kafla.....	23
a. EES-samningurinn, stofnsamningur EFTA og fríverslunarsamningar við þriðju ríki og ríkjahópa.....	23
i. Noregur.....	24
ii. Sviss.....	24
iii. Færeyjar.....	25
iv. Kanada.....	26
v. Suður-Kórea.....	26
vi. Grænland.....	26
vii. Úkraína.....	27
viii. Tyrkland.....	27
ix. Chile.....	27
b. Annað samstarf.....	29
c. Fjárfestingasamningar.....	29
3. Einhliða ráðstafanir – áhrif kafla.....	30
3.1. Viðskiptavarnir (e. <i>trade defence</i>).....	30
3.1.1. Ráðstafanir gegn undirboðum.....	30
3.1.2. Jöfnunartollar.....	30
3.1.3. Mótvægisáðgerðir.....	30
3.2. Reglugerð um viðskiptahindranir á erlendum mörkuðum.....	30
3.3. Viðskipti með hluti með tvíþætt notagildi.....	31
3.4. Kimberley-ferlið.....	31
3.5. Viðskipti með vörur sem gætu nýst við aftökur, pyndingar eða aðra grimma, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.....	31

3.6. Útflutningslán (e. <i>export credits</i>).....	31
3.7. Tollfríðindi fyrir fátækustu ríki heims – GSP.....	32
3.8. Reglugerðir um vefnaðarvörur.....	32
3.9. Viðskiptasamráð.....	32
Kerfisbreytingar/stofnanir.....	33
Fjárhagsleg áhrif.....	33
EES OG SCHENGEN.....	33
ALÞJÓÐASAMNINGAR SEM EIGA UNDIR KAFLANN.....	33
ESB STOFNANIR OG SJÓÐIR SEM EIGA UNDIR KAFLANN.....	33
SJÓNARMÍÐ SEM MIKILVÆGT ER AÐ HAFI Í HUGA ÞEGAR TIL VIÐRÆÐNA KEMUR.....	34
Mikilvægustu hagsmunir.....	34
Sérlausnir og fordæmi frá öðrum ríkjum og hugsanlegar sérlausnir fyrir Ísland....	34
Annað.....	35
ANNAÐ (FRAMRÍÐARÞRÓUN, DÓMAFORDÆMI O.S.FR.V.).....	35

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Skrá yfir samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) sem tilgreindir eru í viðaukum við Marakess-samninginn um stofnunina

Fylgiskjal 2: Yfirlit yfir mikilvægustu gerðir sem falla undir kaflann

Fylgiskjal 3: Nefndir og vinnuhópar sem falla undir Ráðherraráðið og varða utanríkisviðskipti og þróunarmál. Nefndir og vinnuhópar sem koma að sameiginlegu viðskiptastefnuna og falla undir framkvæmdastjórnina.

Samningahópur um utanríkisviðskipti, utanríkis- og öryggismál

2. Greinargerð til aðalsamninganefndar um yfirferð rýniblaða í samningahópum

30. kafli: Utanríkistengsl - Sameiginleg viðskiptastefna ESB

Gerðir rýndar á tímabilinu mars til nóvember 2010

Í þessari greinargerð (2) verður gerð grein fyrir sameiginlegri viðskiptastefnu ESB sem fellur undir kafla 30 í samningaviðræðunum og yfirferð löggjafar á því sviði. Um 3.300 gerðir falla undir kaflann en af þeim teljast 90 til mikilvægra gerða.

EFNI KAFLA

A. Sameiginleg viðskiptastefna ESB

Almennt

Sameiginlegur markaður ESB er eitt stærsta markaðssvæði í heimi. ESB er stærsti útflytjandi vöru og þjónustu á heimsvísu og hefur yfir að ráða víðfeðmu neti viðskiptasamninga og - tengsla sem skapa aðildarríkjum markaðsaðgang utan svæðisins. Pólitískt vægi ESB er einnig mikið í alþjóðlegu viðskiptasamstarfi, bæði í tvíhliða samskiptum ríkja en t.d. einnig á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Evrópusambandið er tollabandalag. Í því felst að komið var á sameiginlegum innri markaði aðildarríkjanna þar sem ekki eru lagðir á tollar, gjöld eða sambærilegir kvótar í viðskiptum þeirra í milli. Með tilkomu tollabandalagins voru tollar og gjöld við innflutning frá ríkjum utan ESB sömuleiðis samræmd. Samræmdar reglur gilda því um innflutning til allra aðildarríkja ESB frá þeim ríkjum sem standa utan sambandsins. Af þessu leiðir að aðildarríkin hafa með sér sameiginlega stefnu í utanríkisviðskiptum gagnvart þriðju ríkjum. Stofnanir ESB fara með framkvæmd viðskiptastefnunnar fyrir hönd aðildarríkjanna og sjá um samningsgerð um utanríkisviðskipti við ríki eða ríkjahópa utan ESB. Framkvæmdastjórn ESB heldur utan um viðræður í samráði við viðskiptastefnunefndina (e. *Trade Policy Committee*) sem fellur undir ráðið. Í nefndinni sitja bæði fulltrúar allra aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar. Nefndin ræðir öll málefni viðskiptastefnunnar og er því vettvangur fyrir aðildarríkin að koma hagsmunum sínum og sjónarmiðum á framfæri. Nánar er greint frá nefndinni hér á eftir. Jafnframt hafa fulltrúar aðildarríkjanna oft náði og reglulegt samráð við sérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar varðandi þau svið sameiginlegu viðskiptastefnunnar sem varða hagsmuni viðkomandi ríkis.

Sameiginleg viðskiptastefna ESB er mikilvæg stoð í utanríkisstefnu sambandsins. Undir hana falla m.a. viðskipti við ríki utan ESB og gerð viðskiptasamninga við þriðju ríki. Einnig falla undir stefnuna ýmsar einhliða ráðstafanir sem varða milliríkjaviðskipti, svo sem mótvægiságerðir vegna óréttmætra viðskiptahátta og aukinn markaðsaðgang hjá ESB fyrir þróunarríkin, sérstaklega fyrir fátækustu ríki heims. Til þess að koma fram sameiginlegu viðskiptastefnunni getur ESB bæði gripið til setningar afleiddrar löggjafar innan ESB og gert samninga við ríki utan ESB.

Ákvæði sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SSE) um sameiginlegu viðskiptastefnu ESB

Í 206. gr. (áður 131. gr.) og 207. gr. (áður 133. gr.) sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SSE) er fjallað um sameiginlegu viðskiptastefnu ESB. Með SSE varð sú breyting að í stað þess að hafa sérstakan kafla um sameiginlegu viðskiptastefnuna eins og áður var í Rómarsáttmálanum voru ákvæðin um stefnuna færð undir kaflann í SSE um aðgerðir ESB á sviði utanríkismála. Þar kemur fram að almenn ákvæði, meginreglur og markmið utanríkisstefnu ESB gildi um sameiginlegu viðskiptastefnuna. Grundvallarmarkmið utanríkisstefnu ESB eru m.a. að ESB skuli standa vörð um grundvallargildi sambandsins, öryggi og sjálfstæði, styrkja lýðræði, réttarríki, mannréttindi og alþjóðalög, stuðla að sjálfbærri þróun í þróunarríkjum með það að markmiði að útrýma fátækt, vinna að því að afnema viðskiptatakmarkanir, standa vörð um umhverfið o.fl. Jafnframt kemur fram að sameiginlega viðskiptastefnan skal framkvæmd með hliðsjón af fyrrgreindum meginreglum og markmiðum.

Markmið sameiginlegrar viðskiptastefnu ESB

Samkvæmt 206. gr. SSE er markmið sameiginlegrar viðskiptastefnu ESB að stuðla að samstilltri þróun heimsviðskipta í þágu sameiginlegra hagsmuna, afnámi hvers kyns hindrana í alþjóðaviðskiptum og vegna beinnar erlendrar fjárfestingar sambandsins, og lækun og afnámi tolla. Haft er að leiðarljósi það markmið að jafna samkeppnisstöðu evrópskra fyrirtækja við önnur fyrirtæki jafnt innan sambandsins sem utan, vinna gegn skaðlegum viðskiptaháttum og tryggja markaðsaðgang fyrir evrópskar vörur utan sameiginlega markaðarins að teknu tilliti til hagsmuna þróunarríkja og félagslegs réttlætis. Í 207. gr. SSE er fjallað um gildissvið stefnunnar, ákvarðanatöku innan stofnana ESB, valdsvið ESB innan stefnunnar og gerð samninga við þriðja aðila.

Valdsvið ESB innan sameiginlegrar viðskiptastefnu

ESB fer með fullar valdheimildir (*e. exclusive competence*) varðandi þau svið sem kveðið er á um í 207. gr. SSE sbr. 3. gr. SSE. Stofnanir ESB fara því alfarið með framkvæmd sameiginlegu viðskiptastefnunnar og sjá um samningsgerð um viðskipti við ríki eða ríkjahópa utan ESB. DG TRADE (Directorate-General for External Trade) er hin sérhæfða deild framkvæmdastjórnarinnar sem fer með þessi mál, en allar tillögur verða að hljóta samþykki framkvæmdastjórnarinnar sjálfrar (þ.e. stjórn hinna 27 framkvæmdastjóra – *College of Commissioners*). Eins og getið er um hér að ofan er viðskiptastefnunefndin vettvangur fyrir aðildarríkin að koma hagsmunum sínum og sjónarmiðum á framfæri á sviði sameiginlegu viðskiptastefnunnar. Einnig kemur Evrópuþingið að setningu reglugerða um framkvæmd sameiginlegu viðskiptastefnunnar, framkvæmdastjórnin upplýsir um gang mála í samningaviðræðunum og það þarf jafnframt að staðfesta niðurstöðu samningaviðræðna um tiltekna viðskiptasamninga m.a. fríverslunarsamninga. Nánar er greint frá aðkomu þingsins hér á eftir.

Gildissvið sameiginlegu viðskiptastefnunnar

Í 1. mgr. 207. gr. SSE er tilgreint hvaða svið falli undir sameiginlegu viðskiptastefnuna. Í greininni er notað orðið „sérstaklega“ (*e. particularly*) sem bendir til þess að upptalningin sé ekki tæmandi. Sviðin sem falla undir sameiginlegu viðskiptastefnuna eru:

- breytingar á tollskrártaxta (*e. changes in tariff rates*),
- gerð tolla- og viðskiptasamninga sem snerta vöru- og þjónustuviðskipti (*e. the conclusion of tariff and trade agreements relating to trade in goods and services*),

- viðskiptalegar hliðar hugverkaréttar (e. *the commercial aspects of intellectual property*),
- beinar erlendar fjárfestingar (e. *foreign direct investment*),
- samhfing úrræða til aukningar frjálsræðis í viðskiptum við þriðju ríki (e. *the achievement of uniformity in measures of liberalisation*),
- markmið og reglur um útflutningsstefnu (e. *export policy*),
- gerð ráðstafana til verndar hagsmuna ESB í inn- og útflutningi og gagnvart undirboðum og ríkisstyrkjum (e. *measures to protect trade such as those to be taken in the event of dumping or subsidies*).

Nánar verður gerð grein fyrir þessum sviðum hér á eftir þegar farið verður yfir löggjöf á hverju sviði.

Eftir gildistöku SSE falla þjónustuviðskipti, beinar erlendar fjárfestingar og hugverkaréttindi undir gildissvið sameiginlegu viðskiptastefnunnar. Því hefur ESB fullar valdheimildir í öllum þeim málum sem snerta flest öll málefni sem fjallað er um á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, þ.e. hinn almenna samning um þjónustuviðskipti (GATS) og samning WTO um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS).

Fyrir gildistöku SSE fór það eftir eðli erlendra fjárfestingar hver fór með forræði varðandi málið, þ.e. hvort ESB hafði fullar valdheimildir, aðildarríki hafði fullt forræði, eða ESB og aðildarríki sameiginlega. Sum atriði voru á valdsviði ESB t.d. að semja um fjárfestingar á sviði þjónustuviðskipta (*mode 3* í GATS), önnur á valdsviði ESB og aðildarríkjanna og enn önnur á valdsviði aðildarríkjanna sjálfra, m.a. gerð fjárfestingasamninga um fjárfestingavernd. Sú breyting að ESB hafi fullar valdheimildir varðandi beinar erlendar fjárfestingar mun hafa miklar breytingar í för með sér hvað varðar gerð fjárfestingasamninga.

Stofnanir sem koma að sameiginlegu viðskiptastefnunni

Afleidd löggjöf

Samkvæmt 2. mgr. 207. gr. SSE skulu Evrópuþingið og ráðið samþykkja sameiginlega reglugerðir til þess að hrinda í framkvæmd sameiginlegu viðskiptastefnunnar. Hér er t.d. átt við reglur sem varða undirboð, upprunareglur, tæknilegar viðskiptahindranir og verndarráðstafanir. Áður var að það eingöngu ráðið sem kom að þessu en því var breytt með SSE.

Samningar við ríki og ríkjahópa

Í 3. mgr. 207. gr. er fjallað um framkvæmd samningsgerðar og viðræðna varðandi alþjóðasamninga sem falla undir sameiginlegu viðskiptastefnuna.¹ Framkvæmdastjórnin sendir tillögur sínar um mögulega alþjóðasamninga til ráðsins sem veitir svo framkvæmdastjórninni heimild til að hefja viðræður. Ráðið og framkvæmdastjórnin eru ábyrg fyrir því að tryggja að samningurinn sem samið er um sé í samræmi við innri stefnur og reglur ESB. Framkvæmdastjórnin heldur utan um viðræður í samráði við viðskiptastefnunefndina (e. *Trade Policy Committee*) sbr. 207. gr. SSE sem fellur undir ráðið. Hlutverk hennar er m.a. að aðstoða framkvæmdastjórnina við verkið og innan þess ramma sem ráðið hefur heimilað nefndinni.

¹ Athugið að 207. gr. (5) kveður á um að gerð og viðræður um alþjóðasamninga á sviði samgangna falli undir sameiginlegu samgöngustefnu ESB.

Í nefndinni sitja bæði fulltrúar allra aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar. Síðustu ár hefur nefndin fundað vikulega í Brussel. Einu sinni í mánuði fundar nefndin með herra settum embættismönnum (e. *senior officials' formula*). Fulltrúi formennskuríkisins hverju sinni stýrir fundum nefndarinnar. Nefndin ræðir öll málefni viðskiptastefnunnar, m.a. undirbúning og skipulag funda í tengslum við Doha-lotuna innan WTO, vandkvæði varðandi útflutning á einstökum vörum, og hugar að viðskiptahliðum annarra stefna sambandsins til að tryggja samræmi. Undir nefndina falla einnig sérfræðihópar t.d. á sviði þjónustuviðskipta og fjárfestinga.

Breytt aðkoma Evrópuþingsins með SSE

Með SEE varð sú mikilvæga breyting að framkvæmdastjórnin þarf nú ekki einungis að upplýsa viðskiptastefnunefnd ráðsins um gang mála í samningaviðræðunum, heldur þarf einnig að halda Evrópuþinginu upplýstu í gegnum allt ferlið. Á þinginu starfar sérstök nefnd sem fjallar um viðskiptamál, alþjóðaviðskiptanefnd Evrópuþingsins eða INTA-nefndin (e. *Committee on International Trade*).

Ákvörðun um heimild til undirritunar viðskiptasamnings og, ef nauðsyn krefur, bráðabirgðabeitingu fyrir gildistöku, er á hendi ráðsins eftir að hafa fengið tillögu um það frá framkvæmdastjórn ESB.

Ákvörðun um lok samningagerðar á sviði sameiginlegu viðskiptastefnunnar er sömuleiðis á hendi ráðsins eftir tillögu framkvæmdastjórnarinnar, sbr. 6. mgr. 218. gr. SSE. Með SE og SSE tók gildi ákvæði um þátttöku Evrópuþingsins og þarf nú samþykki þess fyrir tilteknum samningum.² Í því felst að þingið þarf að staðfesta niðurstöðu viðræðna um tiltekna viðskiptasamninga m.a. fríverslunarsamninga. Því getur þingið neitað að staðfesta niðurstöður viðræðna enda þótt það geti ekki breytt henni. Oft er þó farið með samninga fyrir Evrópuþingið, þó til þess standi ekki lagaskylda.

² Í 6. mgr. 218. gr. er tilgreint hvenær leita þarf samþykkis Evrópuþingsins áður en ráðið getur tekið ákvörðun um ljúka gerð viðskiptasamnings. Það á við varðandi:


i. *Association Agreements*

ii. *Agreements establishing a specific institutional framework*

iii. *Agreements with budgetary implications*

iv. *Agreements covering fields to which either the ordinary legislative procedures applies or the special legislative procedures where consent by the European Parliament is required.*

Ákvörðunartaka við gerð samninga sem falla undir sameiginlegu viðskiptastefnuna sbr. 3. mgr. 207. gr. og 218. gr. SSE



Ákvörðunartaka í ráðinu

Meginreglan er sú að ákvarðanir í ráðinu vegna viðræðna og gerðar alþjóðasamninga á sviði sameiginlegu viðskiptastefnunnar eru teknar með auknum meirihluta³ sbr. 4. mgr. 207. gr. SSE.

Frá þessu eru undantekningar og þörf er á einróma samþykki hvað varðar samninga á sviði þjónustuviðskipta, hugverkaréttinda sem varða viðskipti og beinna erlendra fjárfestinga. Sama á við þjónustuviðskipti á sviði menningar og hljóð- og myndmiðlunar (til verndar fjölbreytni menningar og tungumála sambandsins) og á sviði félagsmála, menntunar og heilbrigðisþjónustu.

Eins og áður hefur komið fram fellur sameiginlega viðskiptastefnan undir kaflann í SSE um aðgerðir ESB á sviði utanríkismála. Hin sameiginlega utanríkisstefna ESB hefur ólík birtingarform: pólitíska stefnumótun innan utanríkis- og öryggismálastefnu ESB (CFSP);

³ The standard system of voting in the Council of Ministers will be “Qualified majority voting” (QMV). It will be based on the principle of the double majority. Decisions in the Council of Ministers will need the support of 55% of Member States (currently 15 out of 27 EU countries) representing a minimum of 65% of the EU’s population. To make it impossible for a very small number of the most populous Member States to prevent a decision from being adopted, a blocking minority must comprise at least four Member States; otherwise, the qualified majority will be deemed to have been reached even if the population criterion is not met. The European Council agreed that the new system will take effect in 2014. In the first three years, until 2017, a Member State may request that an act be adopted in accordance with the qualified majority as defined in the current Treaty of Nice.

sameiginlegu viðskiptastefnuna; stefnu um þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð; og sameiginlegu öryggis- og varnarmálastefnuna (CSDP). Allir þessir þættir haldast í hendur og styðja við hvern annan. Samspil þessara þátta birtist í samningum ESB við þriðju ríki og ríkjahópa. Samningarnir eru oft viðtækir og geta varðað m.a. fríverslun, utanríkis- og öryggismál, þróunarsamvinnu, pólitísk samskipti ríkja o.fl. Nánar verður gerð grein fyrir samningum ESB við þriðju ríki og ríkjahópa í köflunum hér á eftir, einkum kafla 2 í B. hluta.

Náin tengsl eru milli sameiginlegu viðskiptastefnu ESB og stefnu ESB á sviði þróunarsamvinnu. Sem dæmi má nefna að ESB veitir tollfríðindi við innflutning frá fátækustu ríkjum heims á grundvelli GSP-kerfisins⁴, ESB hefur mótað nýja stefnu á sviði viðskipta og þróunarsamvinnu í garð ACP-ríkjanna (e. *African, Caribbean and Pacific Group of States*) og gert samninga við fjölda þróunarríkja. Nánar verður gerð grein fyrir þessum atriðum hér á eftir.

B. Einstök málefnasvið viðskiptastefnunnar

Málaflokkum sameiginlegu viðskiptastefnunnar er skipt í þrennt: fjölþjóðasamstarf, viðskiptasamninga og einhliða ráðstafanir.

1. Fjölþjóðasamstarf

1.1. Alþjóðaviðskiptastofnunin

Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) var sett á laggirnar árið 1995 og myndar umgjörð hins alþjóðlega viðskiptakerfis. Grundvöllur samstarfsins er Marakess-samningurinn. Núverandi aðilar að WTO eru 153, þ.m.t. Ísland, ESB og öll aðildarríki þess. Til viðbótar þeim samningum stofnunarinnar sem allir aðilar WTO hafa undirgengist eru einnig í gildi tveir valkvæðir samningar – samningurinn um opinber innkaup og samningurinn um viðskipti með almenn loftför. Ísland, ESB og öll aðildarríkin eru aðilar að fyrri samningnum en einungis ESB að þeim síðari (á grundvelli tollabandalagsins).

Innan WTO kemur ESB fram sem ein heild með einum sameiginlegum talsmanni, þ.e. sendiherra ESB í Genf, enda þótt um sé að ræða málefni sem liggja á sameiginlegu forræði ESB og aðildarríkjanna svo og þar sem aðildarríkin fara með forræði, þ.e. þegar málefni falla undir valdsvið aðildarríkja. Ísland myndi því ekki setja fram eigin stefnumörkun innan stofnunarinnar ef til aðildar kæmi. Þess ber þó að geta að algengt er að EFTA-ríkin hafi samræmda nálgun á hinum ýmsu sviðum varðandi málefni WTO og í tengslum við Doha-viðræðurnar.

Aðildarríkin hafa hins vegar ríka aðkomu að mótun stefnu sambandsins. Sameiginleg afstaða ESB á vettvangi WTO er mótuð af framkvæmdastjórn ESB og ráðinu. Niðurstaða samningaviðræðna krefst nú einnig samþykkis Evrópuþingsins. Viðskiptastefnunefnd ráðsins (e. *Trade Policy Committee*) er framkvæmdastjórninni til ráðuneytis við mótun stefnu ESB innan sameiginlegu viðskiptastefnunnar. Með gildistöku SEE hefur aðkoma þingsins að löggjafarvaldi á sviði utanríkisviðskipta verið styrkt og sömuleiðis utanríkisviðskiptanefndar þess.

⁴ Tollfríðindi fyrir fátækustu ríki heims – „GSP-kerfið“ (e. *Generalized System of Tariff Preferences*).

Megingerðir ESB svo og samningarnir sem varða aðild þess og aðildarríkjanna að WTO er að finna í lagasafni ESB undir kafla 30.

1.2. Reglur WTO

Almennar reglur WTO á hverju sviði eru tilgreindar í hverjum samningi fyrir sig. Hér eru tilteknir þeir helstu. Fjallað er um vöruviðskipti og skyld málefni í GATT-samningnum frá 1994 (GATT 1947 með síðari breytingum), og samningum um nánari útfærslu ákvæða hans, svo og landbúnaðarsamningi WTO. Í GATS-samningnum er fjallað um þjónustuviðskipti. Í TRIPS-samningnum er fjallað um reglur á sviði hugverkaréttar. Um lausn deilumála er fjallað í sérstöku samkomulagi og í samningnum um opinber innkaup er að finna almennar reglur um framkvæmd útboða og útboðsskyldu innkaupa. Í fylgiskjali 1 er að finna yfirlit yfir samningana.

Einungis í tilviki GATT- og GATS-samninganna og samningsins um opinber innkaup er að finna sérstakar skuldbindingar fyrir hvern aðila samninganna í svokölluðum skuldbindingaskrá. Þær fela yfirleitt í sér skuldbindingar um markaðsaðgang (hámarkstolla í tilviki vöruviðskipta), bann við mismunun, eða skuldbindingar vegna ríkisstuðnings. Skuldbindingaskrár aðila kunna einnig í einhverjum tilvikum að innihalda ígildi fyrirvara við almenn ákvæði samninganna að því marki sem það er leyfilegt. Hvað varðar skuldbindingaskrá ESB á sviði vöruviðskipta tengist hún tollabandalaginu og ytri tollum þess. Hvað varðar þjónustuviðskipti og opinber innkaup varða skuldbindingaskrárnar ESB, en þó er stundum um að ræða mismunandi skuldbindingar hvað varðar markaðsaðgang til einstakra aðildarríkja. Nánar verður vikið að þeim undir liðnum *Áhrif kafla*.

Samningurinn um viðskipti með almenn loftför kemur á fríverslun með almenn loftför, aðrar en herflugvélar, svo og aðrar vörur sem tilgreindar eru í samningnum.

2. Viðskiptasamningar

2.1. Fríverslunarsamningar ESB við ríki og ríkjahópa

ESB hefur ávallt lagt mikla áherslu á fjölþjóðlegt viðskiptasamstarf sem hornstein utanríkisviðskiptastefnu sinnar, m.a. á vettvangi WTO. Vegna hægagangs Doha-lotunnar innan WTO hefur ESB undanfarið lagt áherslu á gerð tvíhliða samninga um viðskipti, þ.m.t. um fríverslun.

Samningar ESB ná yfir mörg svið og geta m.a. varðað fríverslun, utanríkis- og öryggismál, þróunarsamvinnu og pólitísk samskipti ríkja. Einn og sami samningurinn getur náð til allra þessara efna. Því er fríverslun oft aðeins hluti af umfangsmeiri samningum. Inntak fríverslunarhluta samninga ESB við þriðju ríki er breytilegt eftir því hvaða samningsríki á í hlut.

Í grófum dráttum má skipta fríverslunarsamningum í tvo flokka: Fyrstu kynslóðar fríverslunarsamninga og annarrar kynslóðar fríverslunarsamninga. Fyrstu kynslóðar samningar ná aðeins til vöruviðskipta og upprunareglna. Í þeim samningum er m.a. að finna þær skuldbindingar sem samningsaðilar taka á sig hvað varðar markaðsaðgang fyrir iðnaðarvörur og sjávar- og landbúnaðarafurðir (afnám eða lækkun tolla). Einnig er þar að finna reglur sem varða m.a. beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna, og verndarráðstafanir (m.a. ráðstafanir gegn undirboðum og jöfnunartollum). Annarrar kynslóðar samningar ná einnig til ýmissa annarra þátta svo sem þjónustuviðskipta,

fjárfestinga, opinberra innkaupa, samkeppnismála og verndar höfundaréttar. Í þeim samningum er m.a. að finna þær skuldbindingar sem samningsaðilar taka á sig hvað varðar markaðsaðgang á sviði þjónustuviðskipta.

Fyrstu fríverslunarsamningar ESB voru fyrstu kynslóðar samningar en þróunin hefur orðið sú að í ríkari mæli er farið að semja um annarrar kynslóðar samninga.

ESB er með tollabandalag við Andorra, San Marínó og Tyrkland og hefur gert tvíhliða fríverslunarsamninga við Ísland, Noreg, Sviss, Færeyjar, Makedóníu, Króatíu, Albaníu, Svartfjallaland, Bosníu- og Hersegóvínu, Serbíu, Alsír, Egyptaland, Ísrael, Jórdaníu, Líbanon, Marokkó, Palestínu, Sýrland, Túnis, Chile, Mexíkó, Suður-Afríku, CARIFORUM-ríkin, Fílabeinsströndina, Kamerún og Suður-Kóreu.

Undir kaflann falla m.a. samningar ESB við eftirfarandi ríki og gerðir í tengslum við þá.

A. EFTA-ríkin – Ísland, Noregur, Sviss og Liechtenstein

Evrópska efnahagssvæðið (EES) er sameiginlegt markaðssvæði 30 ríkja í Evrópu sem komið var á með EES-samningnum og tók formlega gildi 1. janúar 1994. Aðild að EES eiga öll 27 aðildarríki ESB, sambandið sjálf og þrjú aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), þ.e. Ísland, Liechtenstein og Noregur. EES-samningurinn veitir EFTA-ríkjunum aðgang að innri markaði Evrópusambandsins án þess að þau þurfi að gerast aðilar að ESB. Fjórfrælsið svokallaða gildir á öllu svæðinu en það felur í sér frjáls vöru- og þjónustuviðskipti, frjálsa fjármagnsflutninga og sameiginlegan vinnumarkað. Að auki kveður EES-samningurinn á um samvinnu EES-ríkjanna á sviði félagsmála, jafnréttismála, neytendamála, umhverfismála, menntamála, vísinda- og tæknimála o.fl.

Ísland

Milli ESB og Íslands er, auk EES-samningsins, í gildi tvíhliða fríverslunarsamningur sem tók gildi 1973. Með samningnum voru tollar á iðnaðarvörum felldir niður af hálfu beggja samningsaðila. Einnig var gerður sérstakur viðauki við samninginn sem innihélt ákvæði um tollaívilnanir fyrir íslenskar sjávarafurðir við innflutning Evrópusambandsins. Enda þótt ákvæði EES-samningsins gangi yfirleitt lengra en ákvæði tvíhliða samningsins er enn byggður réttur á gamla samningnum varðandi markaðsaðgang fyrir tiltekna sjávarafurðir.

Auk þess hafa Ísland og ESB gert með sér samkomulag á grundvelli 19. gr. EES-samningsins um markaðsaðgang fyrir óunnar landbúnaðarvörur.

Noregur

Milli ESB og Noregs er, auk EES-samningsins, í gildi fríverslunarsamningur frá 1972 sem eftir gildistöku EES hefur fyrst og fremst gildi vegna markaðsaðgangs Noregs fyrir tiltekna sjávarafurðir til ESB auk landbúnaðarafurða á báða vegu. Engir tollar eru lagðir á sjávarafurðir til Noregs skv. almennri tollskrá. Því til viðbótar hafa ESB og Noregur gert með sér samkomulag á grundvelli 19. gr. EES-samningsins um markaðsaðgang fyrir óunnar landbúnaðarvörur.

Sviss

Ekkert ríki hefur gert fleiri tvíhliða samninga við ESB en Sviss. Samningarnir telja rúmlega eitt hundrað og eru u.þ.b. fimmtán sameiginlegar nefndir sem halda utan um framkvæmd þeirra. Árið 1999 voru undirritaðir samningar milli Sviss og ESB um frjálsa för fólks, viðskipti með landbúnaðarvörur, opinber innkaup, samræmismat, loftflutninga, flutninga á

vegum og járnbrautarflutninga og loks þátttöku Sviss í fimmtu rammaáætluninni um rannsóknir. Þeir öðluðust gildi 2002. Samkvæmt samningunum er Sviss gert að taka upp lög og reglur ESB á þeim sviðum sem um ræðir en þó ekki með sama hætti og gert er innan EES.

Árið 2004 voru undirritaðir samningar (alls níu samningar, þar af einn í formi bréfaskipta) um þátttöku Sviss í Schengen-samstarfinu, Dyflinnarreglugerðinni, Umhverfisstofnun Evrópu og evrópska upplýsinga- og eftirlitsnetinu á sviði umhverfismála, MEDIA-áætluninni, samstarfi um hagskýrslugerð og samstarfi til að koma í veg fyrir tvísköttun. Sviss tekur svo jafnframt þátt í sjöttu rammaáætluninni um rannsóknir og þróun.

Samningar Sviss og ESB veita báðum samningsaðilum víðtækan markaðsaðgang og eru grunnurinn að nánú samstarfi á sviði rannsókna, öryggis-, hælís-, umhverfis- og menningarmála. Ávallt eru samningaviðræður í gangi, og meðal annars eru nú í gangi viðræður milli ESB og Sviss um umhverfismál og fulla fríverslun með landbúnaðarafurðir.

Liechtenstein

Tengsl Liechtenstein og ESB grundvallast á EES-samningnum og eru mjög fá svið sem ekki falla undir gildissvið þess samnings. Liechtenstein er í tolla- og myntbandalagi með Sviss og hefur verið frá árinu 1924 og gilda því tvíhliða samningar Sviss og ESB um vöruviðskipti milli Liechtenstein og ESB. Furstadæmið er því mjög samvaxið hagkerfi Sviss, ásamt því að vera hluti af EES.

Auk EES-samningsins hefur ESB gert tvíhliða samninga við Liechtenstein, meðal annars varðandi skatta á innistæður. Liechtenstein hefur undirritað samninginn um Schengen/Dyflinnar-samstarf. Viðræður ESB og Liechtenstein um samstarf í baráttunni gegn fjársvikum (e. *fraud*) og upplýsingaskipti varðandi skattamál standa nú yfir og er búist við að þeim ljúki í náinni framtíð.

B. Færeyjar og Grænland

Færeyjar

Milli ESB og Færeyja er í gildi fyrstu kynslóðar fríverslunarsamningur. Hann nær einungis til vöruviðskipta og eru viðskiptareglur hans hliðstæðar reglum í fríverslunarsamningum EFTA- og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Samningurinn nær ekki til þjónustuviðskipta. Með samningnum er komið á fullri fríverslun með iðnaðarvörur. Full fríverslun er með sjávarafurðir frá ESB til Færeyja og Færeyja til ESB. Færeyjar fella niður tolla á unnum og óunnum landbúnaðarafurðum, utan lambakjöts, unninna kjötvara úr lambakjöti og mjólkurafurða. Til viðbótar fríverslunarsamningnum hafa Færeyingar tekið upp matvælalöggjöf ESB sky. samkomulagi þess efnis. Einnig framkvæma Færeyjar Schengen-samninginn á grundvelli aðildar Dana.

Grænland

Við úrsögn Grænlands úr ESB var komið á nýju fyrirkomulagi viðskipta milli sambandsins og Grænlands. Með breytingum á stofnsáttmálum ESB var Grænlandi veitt staða innan sambandsins sem umdæmi handan hafsins (e. *overseas territory*). Samkvæmt fyrirkomulagi ESB um viðskipti við umdæmin handan hafsins njóta þau tollfrelsis fyrir sínar vörur inn til ESB.⁵ Því til viðbótar er sérstaklega tiltekið í bókun við SSE að svo lengi sem ESB hefur

⁵ Ákvörðun ráðsins nr. 2001/822/EB

ásættanlegan rétt til fiskveiða í grænlandskri lögsögu sé innflutningur sjávarafurða frá Grænlandi til ESB tollfrjáls.

Um innflutning frá ESB til Grænlands fer samkvæmt tollskrá þess síðarnefnda, en lagður er tollur á tiltölulega fáar vörur, fyrst og fremst á kjöt og kjötvörur, drykkjarvöru, áfengi, tóbak, ýmsa munaðarvöru, bíla og snjósleða.

C. Tollabandalag – Tyrkland, Andorra og San Marínó

ESB er í tollabandalagi við Tyrkland, Andorra og San Marínó. Með tollabandalagi er átt við bandalag ríkja þar sem tollar og magntakmarkanir eru felldir niður í viðskiptum þeirra í millum. Ytri tollur er jafnframt samræmdur og tollskrá og tollareglur sameiginlegar. Vöruflæði er frjálst og ekki er þörf á reglum eins og upprunareglum til að ákvarða hvaða vörur megi flytja milli landanna. Tollafgreiðsla á innri landamærum er afnumin. Tollabandalag ESB og Tyrklands ber þó fremur einkenni fríverslunarsvæðis.

D. Stöðugleika- og samstarfssamningar ESB við ríki á vesturhluta Balkanskaga: Króatía, Makedónía, Albanía, Serbía, Svartfjallaland og Bosnía og Hersegóvína

ESB hefur gert sérstaka stöðugleika- og samstarfssamninga (e. *Stabilisation and association agreements*) við nokkur ríki á Balkanskaga sem ýmist hafa sótt um aðild að sambandinu eða lýst yfir áhuga á aðild. eru samningarnir gerðir í skiptum fyrir umbætur á sviði stjórnmála, viðskipta, efnahagsmála og mannréttindamála í landinu. Á móti býður ESB landinu tollfrjálsan markaðsaðgang hvað varðar ákveðnar vörur og fjárhagslega og tæknilega aðstoð.

ESB hefur gert sex stöðugleika- og samstarfssamninga – við Makedóníu, Króatíu, Albaníu, Svartfjallaland, Bosnía og Hersegóvínu og Serbíu, þar með talið Kósóvó (samkvæmt ályktun Öryggisráðsins nr. 1244). Samningarnir við Makedóníu, Króatíu, Albaníu og Svartfjallaland hafa öðlast gildi. Sérstakir bráðabirgðasamningar við Bosníu og Hersegóvínu og Serbíu eru nú í gildi, þar sem er að finna ákvæði um viðskipti og málefni þeim tengdum, á meðan þess er beðið að stöðugleika- og samstarfssamningarnir öðlast gildi. Með stöðugleika- og samstarfssamningunum er komið á fríverslun með vörur milli ESB og viðkomandi samningsríkis. Stöðugleikaferlið skapar ramma utan um viðræður ESB og ríkjanna á vesturhluta Balkanskaga alveg þar til þau gerast aðilar að sambandinu.

Markmið samninganna er þrjúþætt:

- að koma á stöðugleika í ríkjunum og hvetja til hraðra umskipta þannig að koma megi á markaðshagkerfi;
- að ýta undir svæðisbundið samstarf;
- endanleg ESB-aðild.

Markmið stöðugleikaferlisins er að aðstoða ríkin sem um ræðir við að auka stjórnsýslulega getu sína til að taka upp evrópska og alþjóðlega staðla og framkvæma regluverk ESB. Sérstakar stöðuskýrslur eru gefnar út árlega þar sem mat er lagt á framvindu hvers og eins ríkis í ferlinu. Inntak stöðugleikasamninganna er víðfeðmt og fjalla þeir um pólitískar viðræður, svæðisbundið samstarf, frjálst flæði vara, för launþega, þjónustu og flæði fjármagns, samræmingu laga og hvernig lögum skuli framfylgt, dóms- og innanríkismál, samstarf meðal annars á sviði fjármála, svo eitthvað sé nefnt.

Króatía, Makedónía og Svartfjallaland eru (líkt og Ísland) með stöðu umsóknarríkis gagnvart ESB, en stöðugleikasamningarnir við þau eru þó enn í fullu gildi.

E. Samstarfssamningar Evrópu og Miðjarðarhafslanda: Egyptaland, Ísrael, Jórdanía, Líbanon, Marokkó, Túnis, Alsír og Palestína

ESB lauk við gerð sjö samstarfssamninga Evrópu og Miðjarðarhafslanda (e. *Euro-Mediterranean Association Agreements*) á árunum 1998 til 2005. Samningar voru gerðir við Egyptaland, Ísrael, Jórdaníu, Líbanon, Marokkó, Túnis og Alsír. Samningarnir skapa ramma fyrir pólitískar viðræður og eru grundvöllur aukins frjálsræðis í viðskiptum ríkja í kringum Miðjarðarhaf og leggja grunninn að samstarfi ESB og viðkomandi ríkis á sviði efnahagsmála, félagsmála og menningarmála.

Markmið samninganna er misjafnt eftir samningsríki en meginþættirnir eru virðing fyrir mannréttindum og lýðræði, pólitískar viðræður, fríverslun, ákvæði er varða hugverkaréttindi, ríkisaðstoð, samkeppnismál, fjárhagsaðstoð (á reyndar ekki við um Ísrael), samvinna á sviði efnahagsmála, menningarmála og fleiri sviðum.

Með samningunum er komið á fríverslunarsvæði milli ESB og viðkomandi ríkis með flestar vörur. Sérstakur bráðabirgðasamningur við palestínsku heimastjórnina er einnig í gildi, en sá samningur tekur ekki á pólitískum þáttum.

F. Sýrland

ESB hefur einnig gert samstarfssamning við Sýrland. Sá samningur er nú á borði sýrlenskra stjórnvalda og undirritunar þeirra beðið. Taki samningurinn gildi skuldbindur Sýrland sig til að fella niður tolla á evrópskar vörur á 12 ára aðlögunartímabili. Á meðan undirritunar Sýrlendinga er beðið er eldri fríverslunarsamningur ESB við Sýrland (e. *Cooperation agreement*) frá árinu 1978 í gildi.

G. Efnahagssamstarfssamningar ESB: CARIFORUM-ríkin, Fílabeinsströndin og Kamerún

ESB hefur gert efnahagssamstarfssamninga (e. *Economic Partnership Agreements (EPAs)*) við ákveðin ACP-ríki (e. *African, Caribbean and Pacific Group of States*) sem miða að því að auka viðskipti milli ríkjahópanna tveggja með frekari þróun viðskipta, sjálfbærum vexti og með því að draga úr fátækt. EPA-samningarnir eiga að hjálpa ACP-ríkjunum að aðlagast alþjóðaviðskiptaumhverfinu og má rekja þá til Cotonou-samningsins frá árinu 2000.⁶

⁶ Markmið Cotonou-samningsins er að efla og auka samstarf við ACP-ríkin, og stuðla þannig að friði og öryggi og stöðugu og lýðræðislegu pólitísku umhverfi. Einnig skal draga úr og útrýma fátækt með sjálfbærri þróun og aðstoða ríkin við að aðlagast alþjóðaviðskiptaumhverfinu. Samningurinn kemur í kjölfar Lomé-samningsins (Lomé IV), sem rann út í febrúar 2000. Skrifað var undir Cotonou-samninginn í Benín 23. júní 2000 og er gildistími hans frá mars 2000 til febrúar 2020. Samningurinn byggir á fimm samverkandi stöðum með undirliggjandi markmið að draga úr fátækt: aukin pólitísk vídd, þáttökunálgun, m.a. frjáls félagasamtök og einkageirinn, nýjar leiðir til efnahags- og viðskiptasamstarfs og endurbætur á fjármálasamstarfi. Samningurinn skal endurskoðaður á fimm ára fresti með það að markmiði að auka skilvirkni samstarfs ESB og ACP-ríkjanna. Önnur endurskoðun stendur nú yfir.

ACP-ríkin eru: Angóla, Antigúa and Barbúda, Bahamaeyjar, Barbados, Belís, Benín, Botsvana, Búrkína Fasó, Búrúndi, Kamerún, Grænhöfðaeyjar, Mið-Afríkulýðveldið, Tsjad, Kómor-eyjar, Austur-Kongó, Cooks-eyjar, Fílabeinsströndin, Vestur-Kongó, Djíbútí, Dóminíka, Dóminíska lýðveldið, Miðbaugs-Gínea, Eritrea, Eþíópía, Míkrónesía, Fídjieyjar, Gabon, Gambía, Gana, Grenada, Gínea, Gínea-Bissá, Gvæana, Haítí, Jamaíka, Kenýa, Kíríbatí, Lesótó, Líbería, Madagaskar, Malaví, Malí, Marshallseyjar, Míritanía, Míritíus, Mósambík, Namibía, Nárú, Níger, Nígería, Niue, Palá, Papúa Nýja-Gínea, Rúanda, Sankti Kristófer og Nevis, Sankti Lúsía, Sankti Vinsent og Grenadíneyjar, Samóa, Senegal, Seychelles-eyjar, Síerra Leóne, Salómonseyjar, Suður-Afríka, Súdan, Súrínam, Svasíland, Saó Tóme og Prinsípe, Tansanía, Tímor, Tógó, Tonga, Trínidad og Tóbagó, Túvalú, Úganda, Vanúatú, Zambía og Zimbabve.

EPA samningarnir eru sniðnir að aðstæðum hvers svæðis eða heimshluta. Þeir ganga lengra en „hefðbundnir“ fríverslunarsamningar og leggja áherslu á þróun og taka tillit til félagshagfræðilegra aðstæðna og innhalda ákvæði um samstarf og aðstoð við ACP-ríkin varðandi framkvæmd samninganna. Með samningunum opnast markaðir ESB tafarlaust og að fullu, en þeir heimila ACP-ríkjunum að opna markaði sína á 15-25 ára aðlögunartíma (utan viðkvæmstu vöruflokka). Samningarnir fela í sér víðtækt samstarf á sviði viðskipta, s.s. á sviði þjónustuviðskipta og staðla.

ESB hefur lokið við gerð EPA-samninga við eftirfarandi ríki: CARIFORUM-ríkin (Antígva og Barbúða, Bahamaeyjar, Barbados, Belís, Dóminíka, Dóminíska lýðveldið, Grenada, Gvæjana, Haítí, Jamaíka, Skt. Lúsía, Skt. Vinsent og Grenadíneyjar, Skt. Kristófer og Nevis, Súrinam, og Trínidad og Tobagó).

Auk þess hafa verið gerðir samningar um vöru- og þjónustuviðskipti við ríki í Mið-Afríku (fríverslun við Kamerún einungis í gildi sem stendur) og ríki í Vestur-Afríku (fríverslun við Fílabeinsströndina einungis í gildi sem stendur).

H. Önnur ríki eða ríkjahópar sem ESB hefur gert fríverslunarsamninga við

ESB hefur einnig gert fríverslunarsamninga við Suður-Afríku, Mexíkó, Chile og Suður-Kóreu. Samningarnir við Chile, Mexíkó og Suður-Kóreu ná bæði yfir vöru- og þjónustuviðskipti. Nánar er gerð grein fyrir þeim samningum undir kaflanum mikilvægustu gerðir.

2.2. Annað samstarf

Samstarfssamningar ESB og ríkja í Austur-Evrópu, Suður-Kákasus og Mið-Asíu.

ESB hefur lokið við gerð tíu samstarfssamninga við ríki í Austur-Evrópu, Suður-Kákasus og Mið-Asíu. Markmið þessara samninga er að styrkja stöðir lýðræðis í ríkjunum og þróa hagkerfi þeirra með samvinnu á ýmsum sviðum og með pólitískum viðræðum. Sérstök samstarfsráð (e. *cooperation councils*) hafa verið sett á laggirnar til að tryggja og halda utan um framkvæmd samninganna. Þau ríki sem ESB hefur gert slíka samstarfssamninga við eru Rússland, Armenía, Aserbaídsjan, Georgía, Kasakstan, Kirgisistan, Moldóva, Tadsjikistan, Úkraína og Úsbekistan. Einnig hafa verið undirritaðir sambærilegir samstarfssamningar við Belarús (1995) og Túrkménistan (1998), en hvorugur þeirra hefur öðlast gildi.

Hvað varðar vöruviðskipti er í samningunum vísað til ákvæða GATT-samningsins en samningarnir ná ekki yfir tiltekna vefnaðarvörur og kjarnakleyf efni.

2.3. Samningar um vefnaðarvörur

Í kaflanum er að finna marga tvíhliða samninga sem varða viðskipti með vefnaðarvörur (textíl) milli ESB og þriðja ríkis/ríkjahóps. Meginreglan er sú að viðskipti með vefnaðarvörur í Evrópu eru nánast frjáls eftir að magntakmarkanir á slíkan innflutning voru að mestu leyti felldar úr gildi árið 2009. Þó er að finna undantekningu frá þessu, sjá 3.8. hér á eftir.

2.4 Samningar um stál

Í kjölfar *zero-for-zero* samnings⁷ sem samið var um í Úrúgvælotu-viðræðunum innan WTO hefur ESB fellt niður innflutningstolla sína á flestar stálvörur. Sérstökum árlegum magntakmörkunum er beitt í innflutningi til ESB á stálvörum frá þeim ríkjum sem eru ekki aðilar að WTO. Í tilviki Rússlands og Kasakstan er það samkvæmt samningi (árleg aukning innflutningskvóta um 2,5%) en fyrirkomulagið fellur úr gildi gerist ríkin aðilar að WTO.

3. Einhliða ráðstafanir

3.1. Viðskiptavarnir (e. *trade defence*)

Undir þennan hluta falla gerðir sem varða ráðstafanir gegn undirboðum (e. *anti-dumping*), jöfnunartolla, (e. *anti-subsidy*), mótvægisáðgerðir (e. *safeguards*) og gerðir um tollfríðindi fyrir fátækustu ríki heims.

3.1.1. Ráðstafanir gegn undirboðum

Í kaflanum er að finna gerðir sem fjalla um ráðstafanir gegn undirboðum. Megingerð þessa efnis er reglugerð ráðsins nr. 384/96 um varnir gegn undirboðum við innflutning frá löndum utan ESB. Flestar gerðirnar varða álagningu undirboðstolla á ákveðnar vörutegundir sem upprunnar voru í einhverjum ákveðnum ríkjum og snerta því ekki með beinum hætti hagsmuni Íslands. Með ráðstöfunum gegn undirboðum er átt við álagningu verndartolla sem ætlað er að hamla innflutning á vörum frá þriðju ríkjum inn til sambandsins ef um er að ræða undirboð sem sannað þykir að geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu. Með undirboðum er átt við það þegar vara er seld undir kostnaðarverði. Gerðir sambandsins um beitingu undirboðstolla eru allar byggðar á samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um undirboðstolla. Bæði Ísland og ESB eru aðilar að samningnum og hafa skuldbundið sig til þess að beita undirboðstollum í samræmi við hann.

3.1.2. Jöfnunartollar

Jafnframt er í kaflanum að finna gerðir sem varða jöfnunartolla. Ákvæði reglugerðar ráðsins nr. 2026/97 um vernd gegn ríkisstyrktum innflutningi frá löndum utan ESB, sem kveður á um beitingu jöfnunartolla (er að finna í kaflanum) eru í meginatriðum samhljóða reglugerð ráðsins nr. 384/96 um undirboðstolla hvað málsmeðferðina varðar (sem er einnig að finna í kaflanum undir mikilvægustu gerðir). Jöfnunartollum er beitt í því skyni að vega upp á móti öllum styrkjum sem beint eða óbeint er úthlutað til framleiðslu, útflutnings eða flutnings á vörum frá þriðja ríki ef sannað þykir að sala vörunnar stefnir innlendum atvinnurekstri í hættu. Staðan hvað varðar inngöngu í sambandið er sú sama og hvað varðar ráðstafanir gegn undirboðum. Reglugerðin er byggð á samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um jöfnunartolla.

3.1.3. Mótvægisáðgerðir (e. *safeguards*)

Í samningi WTO um vöruviðskipti eru ákvæði sem heimila mótvægisáðgerðir ef innflutningur eykst verulega sem afleiðing þeirra skuldbindinga sem ríkin hafa tekið á sig. Um verulegt tjón, eða ógn þar um, þarf að vera að ræða til að slíkar mótvægisáðgerðir séu heimilar og skal það ríki sem þeim beitir láta fara fram rannsókn á því hvort slíkar mótvægisáðgerðir standist reglur WTO og séu réttlætanager. Heimilar mótvægisáðgerðir felast í álagningu viðbótartolla

⁷ Í *zero-for-zero* samningnum er samið um niðurfellingu tolla á grundvelli gagnkvæmni - oft að undangengnu aðlögunartímabili.

á tiltekna vörur eða vöruflokka. Megingerð ESB um þetta efni er reglugerð ráðsins nr. 3285/94 um sameiginlegar reglur um innflutning með áorðnum breytingum. Í reglugerðinni er kveðið á um heimild framkvæmdastjórnar ESB til að grípa til mótvægisáðgerða samkvæmt reglum WTO vegna innflutnings frá þriðju ríkjum inn til sambandsins og um málsmeðferð beiðna sem berast frá atvinnulífi sambandsins þar um.

3.2. Reglugerð um viðskiptahindranir á erlendum mörkuðum

Reglugerð ráðsins nr. 3286/94 felur í sér málsmeðferðarreglur um aðstoð ESB þegar evrópsk fyrirtæki kljást við viðskiptahindranir á erlendum mörkuðum. Fyrirtæki geta beint kvörtunum til framkvæmdastjórnar ESB og fengið hana til að rannsaka hvers kyns viðskiptahindranir í þriðju ríkjum sem brjóta gegn alþjóðlegum skuldbindingum viðkomandi ríki við ESB svo sem, hugsanlega mismunun sem þau eru beitt á erlendum markaði og vandamál sem upp koma þegar fyrirtækin reyna að útvega einkaleyfi eða útflutningsleyfi vegna vöru eða þjónustu.

3.3. Viðskipti með hluti með tvíþætt notagildi

Í kaflanum er að finna gerðir varðandi hluti sem hafa tvíþætt notagildi. Megingerðin er reglugerð ráðsins nr. 428/2009. Hluti sem hafa tvíþætt notagildi má nota bæði í borgaralegum og hernaðarlegum tilgangi, þ.m.t. allir hlutir sem bæði má nota án þess að þeir springi og við hvers konar framleiðslu kjarnavopna eða annars kjarnasprengrubúnaðar.

3.4. Kimberley-ferlið

Kimberley-ferlið er verkefni stjórnvalda, demantaiðnaðarins og félagasamtaka sem hófst til að stemma stigu við viðskiptum og dreifingu svokallaðra „blóðdemanta“ – óunninna demanta sem uppreisnarhópar nýta til að fjármagna stríð sín gegn lögmætum stjórnvöldum.

Alls eru 75 ríki aðilar að Kimberley-ferlinu, þeirra á meðal öll helstu ríkin sem framleiða, neyta og eiga viðskipti með demanta í heiminum. Neytendur eiga með þessu að geta verið fullvissir um að með kaupum þeirra á demöntum séu þeir ekki að ýta undir átök í ríkjum Afríku. ESB (og þar með öll 27 aðildarríki þess) er aðili að Kimberley-ferlinu. Framkvæmdastjórnin kemur fram fyrir hönd ESB á fundum aðila Kimberley-ferlisins. EFTA-ríkin Noregur og Sviss eru einnig aðilar að ferlinu.

Samkvæmt Kimberley upprunavottunarkerfinu (e. *Kimberley Process Certification Scheme (KPCS)*) þurfa seljendur og innflytjendur á demöntum að votta uppruna demanta, að þeir komi frá ríki sem er aðili að ferlinu og framvísa nákvæmum upplýsingum um framleiðslu og viðskipti sem hafa átt sér stað með demantana.

Í reglugerð ráðsins nr. 2368/2002 um Kimberley ferlið er að finna verklagsreglur og viðmiðanir sem fylgja þarf við innflutning og útflutning á óunnum demöntum til og frá aðildarríkjum ESB. Í reglugerðinni er einnig kveðið á um samræmda Kimberley-upprunavottun fyrir ESB, sem skal notuð við allar vörusendingar. Vegna markmiða upprunavottunarkerfisins er litið á ESB sem eina heild, án innri landamæra. Reglugerðin gefur aðildarríkjum einnig möguleika á að tilnefna eftirlitsaðila ESB (e. *community authority*) sem getur svo annast meðferð við inn- og útflutning á óunnum demöntum sem mælt er fyrir um í upprunavottunarkerfinu og reglugerðinni. Allur innflutningur á óunnum demöntum verður að hljóta samþykki slíks eftirlitsaðila ESB, og sé það ekki til staðar í innflutningsríkinu skal leitað til eftirlitsaðila í öðru ríki.

Hvert aðildarríki skal ákvarða viðurlög við broti á ákvæðum reglugerðarinnar. Í reglugerðinni er jafnframt að finna ákvæði um sjálfseftirlit demantaiðnaðarins innan ESB.

3.5. Viðskipti með vörur sem gætu nýst við aftökur, pyndingar eða aðra grimma, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu

Í reglugerð ráðsins nr. 1236/2005 er að finna reglur um viðskipti við þriðju ríki með vörur sem gætu nýst við aftökur, pyndingar eða aðra grimma, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Einnig er bann lagt við að veita tæknilega aðstoð varðandi slíkar vörur.

Í viðaukum reglugerðarinnar eru þær vörur sem reglugerðin nær til listaðar upp og á það bæði við um inn- og útflutning. Sömuleiðis eru listaðar upp ákveðnar vörur sem gætu nýst við pyndingar og þar sem þarf sérstakt leyfi fyrir inn- og útflutning. Sérstakar verklagsreglur varðandi leyfisveitingar eru svo útlistaðar í IV. kafla reglugerðarinnar.

Í reglugerðinni er aðildarríkjum heimilt að banna inn- og útflutning á ákveðnum vörum til viðbótar við þær sem listaðar eru upp í viðaukum (7. gr.). Aðildarríki ákvarða sjálf viðurlög við brotum á ákvæðum reglugerðarinnar og skal tilkynna framkvæmdastjórninni um allar slíkar reglur.

3.6. Útflutningslán (e. *export credits*)

Á vettvangi ESB er með „útflutningsláni“ í megindráttum átt við fjármögnunarfyrirkomulag sem heimilar erlendum kaupanda á útfluttum vörum og/eða þjónustu að fresta greiðslum yfir ákveðinn tíma. Hugtakið er einnig oft notað yfir tryggingar eða ábyrgð. Útflutningslánnum er jafnan skipt í þrjá flokka; skammtímalán (skemmri tími en tvö ár), meðallangt lán (milli tvö og fimm ár) og langtímalán (lengur en fimm ár). Opinberir aðilar standa jafnan að baki slíkum útflutningslánnum sem vekur upp spurningar um frjálsa og sanngjarna samkeppni.

Á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) hefur því verið reynt að stemma stigu við því að aðildarríkin bæti samkeppnisstöðu eigin fyrirtækja gagnvart fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum með því að bjóða niðurgreidd útflutningslán. Þetta er m.a. gert með sérstöku OECD fyrirkomulagi um útflutningslán (e. *OECD Arrangement on Officially Supported Export Credits*). Markmiðið með fyrirkomulaginu er að skapa ramma utan um reglulega veitingu útflutningslána sem styrkt eru af hinu opinbera. Í fyrirkomulaginu eru m.a. sett takmörk fyrir tímafrestum og skilyrðum fyrir slík lán. Meðal þátttakenda í fyrirkomulaginu er ESB.

Aðildarríki eru ekki skuldbundin til að veita útflutningslán eða starfrækja stofnanir á því sviði. Það er undir hverju aðildarríki komið hvort slík aðstoð sé veitt. Sé hún hins vegar veitt skal hún vera í samræmi við reglur ESB.

Mest af regluverki ESB á sviði útflutningslána er byggt á OECD skjölum, m.a. fyrirkomulagi OECD um útflutningslán sem getið er um hér að ofan. Mikilvægustu ESB regluverkin á sviði útflutningslána eru tilskipun ráðsins 98/29/EC um að samræma reglur innan ESB hvað varðar meðallangt og langtímalán og orðsending ESB um skammtímalán. Aðildarríki ESB þurfa að tilkynna aðstoð á sviði útflutningslána til ESB.

3.7. Tollfríðindi fyrir fátækustu ríki heims – GSP

Undir kaflann falla gerðir sem lúta að tollfríðindum fyrir fátækustu ríki heims. Almennt er talað um „GSP-kerfið“ (e. *Generalized System of Tariff Preferences*).

GSP-kerfið skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða almennt fyrirkomulag sem öll þróunarríki geta fallið undir samkvæmt nánari skilgreiningum í reglugerðinni. Í öðru lagi er um að ræða aukin fríðindi fyrir þróunarríki sem skuldbinda sig til að uppfylla alþjóðasamninga um mann- og verkalýðsréttindi, samninga sem tengjast umhverfismálum og meginreglur um góða stjórnarsýsluhætti. Í þriðja lagi er svo um að ræða fyrirkomulag fyrir fátækustu þróunarríki heimsins, sem nánar eru skilgreind í reglugerðinni, en þá er um að ræða niðurfellingar allra tolla af öllum vörum, þó ekki vopnum og skotfærum.

3.8. Reglugerðir um vefnaðarvörur

Sérstakar reglur gilda um innflutning til ESB á vefnaðarvörum til ESB frá tilteknum ríkjum.. Annars vegar reglugerð ráðsins nr. 3030/93 um sameiginlegar reglur um innflutning á ákveðnum vefnaðarvörum með uppruna í ákveðnum löndum (listuð upp í viðauka II: Rússland og Serbía) sem ESB hefur samið við með gerð tvíhliða samnings. Hins vegar reglugerð nr. 517/1994 sem kveður á um ákveðnar sameiginlegar reglur fyrir aðildarríki sambandsins um innflutning á vefnaðarvörum frá ákveðnum þriðju ríkjum sem sambandið hefur ekki gert sérstaka tvíhliða samninga við og listuð eru upp í viðauka II (Norður-Kórea og Belarús).

MIKILVÆGUSTU GERÐIR

Í fylgiskjali 2 er að finna yfirlit yfir mikilvægustu gerðirnar sem falla undir kaflann. Þær eru samtals 90.

ÁHRIF KAFLA

Helstu breytingar, m.a. lagabreytingar, markaðsaðgang o.fl.

Komi til aðildar Íslands að ESB yrði Ísland þátttakandi í sameiginlegri viðskiptastefnu sambandsins. Í áliti framkvæmdastjórnar ESB um aðildarumsókn Íslands frá febrúar 2010 kemur fram að Ísland þurfi vegna þessa að segja upp öllum gildandi fríverslunarsamningum sínum við þriðju ríki og endurskoða aðra samninga þannig að þeir samræmist regluverki ESB. Ísland mun einnig þurfa að beita öllum alþjóðaviðskiptasamningum ESB sem og reglum sambandsins á þessu sviði.

Hér á eftir verður farið nánar yfir ýmsa þætti þessara breytinga.

1. Alþjóðaviðskiptastofnunin – áhrif kafla

Möguleg aðild Íslands að ESB myndi ekki breyta skuldbindingum Íslands innan WTO hvað varðar almennar reglur í viðskiptum. Þær valdheimildir sem Ísland hefur í dag sem WTO-ríki myndu færast til ESB á þeim sviðum þar sem ESB hefur fullar valdheimildir, sérstaklega á sviði vöruviðskipta.

Skuldbindingar eftir samningum

GATT

Skuldbindingar Íslands um leyfilega hámarkstolla á vöruviðskipti eru tilgreindar í skuldbindingaskrá sem eru hluti samningakerfisins. Við mögulega aðild að ESB og þar með tollabandalaginu myndu skuldbindingar Íslands skv. GATT falla niður og skuldbindingar ESB taka yfir skuldbindingar Íslands. Í þeim tilvikum þar sem þetta myndi leiða til hækkunar á álögðum tolli yrði ESB að bæta þeim aðildarríkjum WTO sem þess krefjast fyrir tapaðan markaðsaðgang í formi nýs markaðsaðgangs. Þær viðræður færu fram af hálfu ESB og viðkomandi viðskiptaríkis eftir að möguleg aðild hefur tekið gildi.

Áhrif aðildar hvað varðar WTO yrðu minniháttar umfram það sem leiðir af aðild að tollabandalagi ESB og sameiginlegri viðskiptastefnu ESB.

LANDBÚNAÐARSAMNINGUR

Skuldbindingar Íslands um leyfilega hámarkstolla á landbúnaðarvörum, tollkvóta og skuldbindingar um ríkisstuðning við landbúnað eru tilgreindar í skuldbindingaskrá sem eru hluti samningakerfisins. Við mögulega aðild að ESB og þar með tollabandalaginu og sameiginlegu landbúnaðarstefnunni myndu skuldbindingar Íslands falla niður og skuldbindingar ESB taka yfir. Í þeim tilvikum þar sem þetta myndi leiða til hækkunar á álögðum tolli yrði ESB að bæta þeim aðildarríkjum WTO sem þess krefjast fyrir tapaðan markaðsaðgang í formi nýs markaðsaðgangs. Þær viðræður færu fram af hálfu ESB og viðkomandi viðskiptaríkis eftir að möguleg aðild hefur tekið gildi.

Áhrif aðildar hvað varðar WTO yrðu minniháttar umfram það sem leiðir af aðild að tollabandalagi ESB, sameiginlegri viðskiptastefnu ESB og sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB.

GATS

Skuldbindingar Íslands um markaðsaðgang, kjör og undanþágur frá bestukjarameðferð eru settar fram í sérstökum skuldbindingaskrá við GATS-samninginn. Við mögulega aðild að ESB og þar með sameiginlegu viðskiptastefnunni myndu skuldbindingar Íslands að því leyti sem þær eru samrýmanlegar, falla inn í skuldbindingar ESB. Í þeim tilvikum þar sem þetta myndi leiða til minni markaðsaðgangs yrði ESB að bæta þeim aðildarríkjum WTO sem þess krefjast fyrir tapaðan markaðsaðgang í formi nýs markaðsaðgangs. Þær viðræður færu fram af hálfu ESB og viðkomandi viðskiptaríkis eftir að möguleg aðild hefur tekið gildi.

Í greinargerð með áliti framkvæmdastjórnar ESB um umsókn Íslands að ESB segir: „Engar af skuldbindingum Íslands samkvæmt hinum almenna samningi um þjónustuviðskipti standa í vegi fyrir því að það geti tekið á sig skuldbindingar sem fylgja aðild að ESB.” Þó segir einnig: „Í fjármálageiranum taka skrár Íslands yfir skuldbindingar vegna hins almenna samnings um þjónustuviðskipti ekki til takmarkana á markaðsaðgangi varðandi verðbréfasjóði (e. UCITS). Það gera hins vegar skrár allra aðildarríkja ESB. Á sviði flutningaþjónustu hefur Ísland tekið á sig víðtækari skuldbindingar en þær sem eru ríkjandi í aðildarríkjunum [á sviði sjóflutninga innan íslensku efnahagslögsögunnar]. Til að forðast bótagreiðslur skv. XXI. gr. hins almenna samnings um þjónustuviðskipti mun Ísland þurfa að taka til athugunar að breyta eða afturkalla skuldbindingar sínar á þessu sviði og öðrum við aðild.“ Einnig segir að engar af skuldbindingum Íslands samkvæmt hinum almenna samningi um þjónustuviðskipti standi í vegi fyrir því að það geti tekið á sig skuldbindingar sem fylgja aðild að ESB.

Áhrif aðildar hvað varðar WTO yrðu ekki umfangsmikil umfram það sem leiðir af aðild að sameiginlegri viðskiptastefnu ESB. Mikilvægt er að skoða betur athugasemdir ESB varðandi þörf á breytingu skuldbindinga og hver áhrif þess gætu orðið.

OPINBER INNKAUP

Skuldbindingar Íslands um útboðsskyldu, hvað varðar fjárhæðir útboðsskyldra útboða, útboðsreglur og skuldbundna hluta hins opinbera (svo sem ráðuneyti, sveitafélög, ríkisstofnanir og fyrirtæki), er að finna í sérstökum skuldbindingaskráum við samninginn um opinber innkaup. Á sviði opinberra innkaupa hefur Ísland tekið upp löggjöf ESB í gegnum EES-samninginn. Almennar reglur um opinber innkaup á Íslandi eru því til samræmis við reglur ESB. Við mögulega aðild Íslands að ESB myndi Ísland taka upp sameiginlegar skuldbindingar ESB vegna fjárhæða útboðsskyldra útboða og útboðsreglur. Hins vegar myndu skuldbindingar Íslands um hvaða hlutar hins opinbera væru skuldbundnir af reglum um útboð verða felldar inn í skuldbindingar ESB, enda eru þær tilgreindar fyrir hvert ríki fyrir sig.

Áhrif aðildar yrðu ekki umfangsmikil umfram það sem leiðir af aðild að sameiginlegri viðskiptastefnu ESB.

Ef til aðildar Íslands að ESB kemur mun Ísland undirgangast samninginn um viðskipti með almenn loftför á grundvelli aðildar sinnar, en samningurinn hefði ekki áhrif hér á landi umfram upptöku sameiginlegrar tollskrár ESB.

2. Viðskiptasamningar – áhrif kafla

a. EES-samningurinn, stofnsamningur EFTA og fríverslunarsamningar við þriðju ríki og ríkjahópa

Ef til aðildar kæmi yrði Ísland áfram aðili að EES-samningnum sem ESB/EES-ríki en ekki sem EFTA/EES-ríki. Jafnframt yrði Ísland ekki lengur aðili að EFTA og myndi því ekki taka þátt í rekstri samningsins á vettvangi EFTA. Staða Íslands yrði eins og annarra aðildarríkja ESB, þ.e. að framkvæmdastjórn ESB mundi sjá um rekstur samningsins fyrir Íslands hönd. Ísland yrði ekki lengur aðili að stofnsamningi EFTA, Vaduz-samningnum.

Ísland nýtur góðs af samfloti með öðrum EFTA-ríkjum við gerð fríverslunarsamninga við þriðju ríki. Þegar hafa verið gerðir 22 fríverslunarsamningar við eftirfarandi ríki og ríkjahópa Albaníu, Chile, Egyptaland, Flóaráðið (GCC), Ísrael, Jórdaníu, Kanada, Suður-Kóreu, Kólumbíu, Króatíu, Líbanon, Makedóníu, Mexíkó, Marokkó, palestínsk yfirvöld, Perú, Serbíu, Síngapúr, Tollabandalag Suður-Afríkuríkja (SACU (sem Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland eru aðilar að)), Túnis, Tyrkland og Úkraínu. Ísland er einnig með tvíhliða fríverslunarsamninga við Færeyjar (Hoyvíkursamninginn), Grænland og ESB.

Hvað varðar inntak fríverslunarsamninga EFTA voru fyrstu samningarnir fyrstu kynslóðar samningar en þróunin hefur orðið sú að í ríkari mæli er farið að semja um annarrar kynslóðar samninga. Varðandi inntak fyrstu og annarrar kynslóðar samninga er vísað til umfjöllunarinnar í hluta B.2.1.

Jafnframt er gerður sérstakur tvíhliða samningur milli hvers og eins EFTA-ríkis og þriðja ríkis um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur en í fríverslunarsamningum ESB er slíkt þáttur í heildarsamningnum fyrir sambandið.

Eins og fram kom hér að framan yrði Ísland hluti hinnar sameiginlegu viðskiptastefnu ESB við aðild og fyrir liggur að það myndi þurfa að segja upp öllum gildandi fríverslunarsamningum sínum við þriðju ríki og fá þess í stað aðild að fríverslunarsamninganeti ESB.

Í erindisbréfi samningahópsins segir að við mótun samningsafstöðu skuli hópurinn greina útflutning íslenskra fyrirtækja eftir svæðum og bera saman viðskiptasamninganet EFTA og ESB með tilliti til hagsmuna Íslands. Hvað varðar *vöruviðskiptin* var skoðaður markaðsaðgangur samkvæmt annars vegar öllum fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna auk tvíhliða samninga Íslands og hins vegar fríverslunarsamningum ESB. Í þeim tilvikum sem báðir aðilar hafa gert fríverslunarsamning við sama ríkið var markaðsaðgangur samkvæmt viðkomandi samningum borinn saman.

Við mat á því hvaða fríverslunarsamningar varða helst hagsmuni Íslands er helst að líta til fyrirliggjandi útflutningstalna. Því var kannað á grundvelli upplýsinga Hagstofunnar hvaða ríki innan fríverslunarneta EFTA/Íslands annars vegar og ESB hins vegar væru mikilvægustu markaðssvæðin fyrir íslenskar útflutningsvörur. Lítil útflutningur er til flestra þessara ríkja og sé miðað við árið 2009 nær útflutningur til einstakra ríkja ekki 0,1% nema hvað varðar Noreg (5,8%), Sviss (1,3%), Færeyjar (0,6%), Kanada (0,5%), Suður-Kóreu (0,3%), Grænland (0,2%), Úkraínu (0,2%), Tyrkland (0,2%) og Chile (0,1%). Til samanburðar nam útflutningur til ESB 77,7% af heildarútflutningi Íslands árið 2009, en við inngöngu í tollabandalag ESB fengist tollfrjáls markaðsaðgangur til aðildarríkja ESB fyrir allar íslenskar útflutningsvörur, þ.m.t. sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir.

Til undirbyggingar samningsafstöðu verður því nánari samanburður á markaðsaðgangi og mat á áhrifum breytinga hans takmarkaður við þau ríki þar sem útflutningur til þeirra nam meiru en 0,1% af heildarútflutningi Íslands. Frumathugun varðandi þessi ríki hefur leitt eftirfarandi í ljós:

i) Noregur:

Af heildarútflutningi ársins 2009, sem nam rúmum 29 milljörðum króna, nam útflutningur sjávarafurða tæplega 21 milljarði króna og iðnaðarvara um 7,5 milljörðum króna. Við aðild Íslands að ESB yrði ekki breyting á markaðsaðgangi fyrir slíkar vörur, þar sem þær myndu áfram njóta tollfrelsis á grundvelli EES-samningsins, en þess skal einnig getið að innflutningur sjávarafurða til Noregs er tollfrjáls samkvæmt almennri tollskrá þar í landi.

Útflutningur landbúnaðarvara til Noregs nam tæpum 600 milljónum króna á árinu 2009. Þar af námu sauðfjárafurðir rúmum 400 milljónum króna, sjávargróður og þörungar um 94 milljónum króna og lifandi hestar um 72 milljónum króna. Samkvæmt samningum Íslands og Noregs nýtur Ísland tveggja innflutningskvóta sem bera engan toll, annars vegar 600 tonna kvóta fyrir lambakjöt í frosnum heilum skrokkum og hins vegar kvóta fyrir 200 lifandi hross. Við aðild að ESB féllu þessir kvótar niður og yrði innflutningur þessara vara háður almennum ákvæðum norsku tollskrárinnar. Samkvæmt henni bera bæði lambakjöt og hross háa innflutningstolla. Tollur á frosna heila skrokka af lambakjöti er 32,49 NKR per kg, en allt að 85,27 NKR per kg þegar um er að ræða beinlaust kjöt. Við innflutning á lifandi hrossum er lagður á magntollur að upphæð 5.000 NKR per hross.

ii) Sviss:

Af heildarútflutningi ársins 2009, sem nam um 6,6 milljörðum króna, nam útflutningur iðnaðarvara um 5,8 milljörðum króna. Við aðild Íslands að ESB yrði ekki breyting á markaðsaðgangi fyrir slíkar vörur, þar sem þær myndu áfram njóta tollfrelsis á grundvelli tvíhliða samninga ESB og Sviss.

Útflutningur sjávarafurða til Sviss á árinu 2009 nam rúmum 600 milljónum kr. Íslenskar sjávarafurðir njóta í dag niðurfellingar tolla við innflutning til Sviss á grundvelli EFTA-sáttmálans. Við aðild að ESB myndi sá tollfrjálsi aðgangur falla niður þar sem fríverslunarsamningar ESB og Sviss kveða ekki á um tollfrelsi fyrir sjávarafurðir. Í því sambandi er þó rétt að vekja athygli á því að samkvæmt tollskrá Sviss njóta flestar tegundir sjávarafurða tollfrelsis (MFN) og því yrði langstærstur hluti þess útflutningsins áfram tollfrjáls við aðild að ESB. Athugun hefur leitt í ljós að í tilviki viðskipta með sjávarafurðir þar sem útflutningsverðmæti síðustu þriggja ára nær einni milljón kr. er innflutningur til Sviss tollfrjáls, utan silungs, en hann ber toll sem svarar til 15,00 CHF per 100 kg (18,75 kr. per kg sé miðað við gengi 125 ISK per CHF). Útflutningsverðmæti hans nam 534,6 milljónum króna á tímabilinu 2008-2010. Jafnframt ber niðursoðin fiskilifur toll sem svarar til 16,00 CHF per 100 kg (20 kr. per kg sé miðað við gengi 125 ISK per CHF). Útflutningsverðmæti fiskilifrar nam 15 milljónum króna á umræddu þriggja ára tímabili.

Útflutningur landbúnaðarvara til Sviss á árinu 2009 nam um 170 milljónum króna. Stærstur hluti þess útflutnings, eða um 165 milljónir króna, var vegna útflutnings á lifandi hestum og afurðum hrossa. Ísland nýtur tiltekinna ívilnana við innflutning til Sviss á grundvelli Vaduz-samningsins, í formi lækkaðs tolls innan almennra tollkvóta. Innflutningur á lifandi reiðhrossum er tollfrjáls innan 3.322 hrossa almenns heildarkvóta. Ísland nýtur einnig kvóta fyrir hrossakjöt (11 CHF per 100 kg) innan almenns heildarkvóta. ESB nýtur engra sérkjara fyrir lifandi hross, en hefur aðgang að sömu kvótum og Ísland, þó á lakari tolli. Þannig er almennur tollur á reiðhrossum innan kvóta 120 CHF per hest. Á hrossakjöt eru lagðar 20 CHF per 100 kg innan kvóta.

Rétt er að taka fram að ESB og Sviss hafa átt í viðræðum um breytingu á fríverslunarsamningi varðandi landbúnaðar- og sjávarafurðir, þannig að kveðið verði á um fulla fríverslun með slíkar vörur. Ekki er ljóst hvort samningar muni nást.

iii) Færeyjar

Heildarútflutningur ársins 2009 nam tæplega 3,2 milljörðum króna. Þar af nam útflutningur iðnaðarvara tæplega 1,5 milljörðum króna, útflutningur landbúnaðarvara 330 milljónum króna og útflutningur sjávarafurða tæplega 1,4 milljörðum króna.

Við aðild að ESB yrði að segja upp eða breyta Hoyvíkursamningnum þannig að hann myndi ekki ná til vöruviðskipta. Þar sem Ísland yrði sjálfkrafa aðili að fríverslunarsamningi ESB og Færeyja yrði áfram fríverslun með iðnaðarvörur milli landanna. Full fríverslun yrði áfram með sjávarafurðir frá Íslandi til Færeyja. Varðandi landbúnaðarafurðir myndi tapast aðgangur fyrir lambakjöt og mjólkurafurðir til Færeyja, en í tilviki lambakjöts er lagður á 10% verðtollur samkvæmt tollskrá Færeyja. Við innflutning á mjólkurafurðum væri ekki lagður á tollur, en þess í stað verðjöfnunargjald á mjólk (þó ekki þurrmjólk), rjóma, jógúrt og sýrðan rjóma sem næmi í dag 20% á verð auk magngjalds á bilinu 0,6-7,4 færeyskar kr. per kg.

iv) Kanada:

Heildarútflutningur ársins 2009 nam um 2,3 milljörðum króna. Þar af nam útflutningur iðnaðarvara tæplega 1,3 milljörðum króna, útflutningur sjávarafurða rúmlega 1 milljarði króna, en útflutningur landbúnaðarvara nam einungis um 3 milljónum króna.

Þær iðnaðarvörur sem fluttar eru út til Kanada eru margvíslegar. Flestar þeirra eru tollfrjálsar við innflutning til Kanada samkvæmt almennri tollskrá. Hins vegar bera nokkrar mikilvægar vörur, svo sem kaðlar og netavörur toll og sömuleiðis notaðir bílar og skip. Á fyrrgreindu vörunum er álagður tollur frá 0-14% en í tilviki síðar greindu varanna allt að 25%. Markaðsaðgangur fyrir þessar vörur myndi versna sem næmi umræddum tolli ef Ísland gerðist aðili að ESB. Þær svara til innan við 10% af útflutningi iðnaðarvara til Kanada á árabílinu 2008-2010.

Flestar sjávarafurðir bera lágan eða engan toll samkvæmt almennri tollskrá við innflutning til Kanada. Við inngöngu Íslands í ESB myndi markaðsaðgangur versna fyrir nokkrar vörur sem njóta tollfrelsis samkvæmt fríverslunarsamningi EFTA-ríkjanna og Kanada, en lagður er á tollur samkvæmt almennri tollskrá. Má þar helst nefna hrogn, sem bera 3% toll samkvæmt tollskrá Kanada, og frystan leturhumar og svipuhumar sem ber 5% toll. Þá ber unninn humar 4% toll og niðursoðin fiskilifur 7-11% toll. Þær vörur sem bera myndu tolla samsvara um 25% af útflutningsverðmæti sjávarafurða til Kanada á árinum 2008-2010.

Fríverslunarviðræður ESB og Kanada standa yfir og er líklegt að ef þeim lyki og fríverslunarsamningur tæki gildi áður en Ísland yrði aðili að ESB myndi draga verulega úr verri markaðsaðgangi sem skapaðist við uppsögn Íslands á fríverslunarsamningi EFTA og Kanada við ESB-aðild.

v) Suður-Kórea:

Heildarútflutningur ársins 2009 nam tæplega 1,5 milljörðum króna. Þar af nam útflutningur iðnaðarvara tæplega 1,2 milljörðum króna. Við aðild Íslands að ESB yrði ekki breyting á markaðsaðgangi fyrir slíkar vörur, þar sem þær myndu áfram njóta tollfrelsis á grundvelli fríverslunarsamnings ESB og Suður-Kóreu.

Útflutningur sjávarafurða nam 300 milljónum króna árið 2009, en hafði verið töluvert meiri árin á undan. Við aðild Íslands að ESB yrði ekki breyting á markaðsaðgangi fyrir slíkar vörur til langs tíma lítið, þar sem þær myndu njóta tollfrelsis á grundvelli fríverslunarsamnings ESB og Suður-Kóreu að loknu aðlögunartímabili, enda þótt markaðsaðgangur myndi versna til skamms tíma.

Landbúnaðarvörur hafa ekki verið fluttar út til Suður-Kóreu síðustu ár.

vi) Grænland:

Heildarútflutningur ársins 2009 nam 1,2 milljörðum króna. Þar af nam útflutningur iðnaðarvara rúmlega 1,1 milljarði króna, útflutningur landbúnaðarvara 26 milljónum króna og útflutningur sjávarafurða 50 milljónum króna.

Með samningi Íslands og Danmerkur um viðskipti Íslands og Grænlands⁸ frá 1985 voru ákvæði fríverslunarsamnings Íslands og EBE látin gilda áfram um viðskipti Íslands og Grænlands. Við mögulega aðild Íslands að ESB myndi þessi samningur falla niður. Það þýddi

⁸ C 1/1985, tók gildi 1. febrúar 1985.

að ekki væri tryggð fríverslun við innflutning til Grænlands, líkt og nú er varðandi iðnaðarvörur og valdar sjávarafurðir. Tollar eru hins vegar lagðir á mjög fáar vörur við innflutning til Grænlands og fáar útflutningsvörur Íslands bera toll í Grænlandi (má þar helst nefna lambakjöt). Varðandi þær vörur myndi aðild Íslands ekki breyta neinu þar sem núverandi samningar Íslands og Grænlands nær ekki til þeirra vara.

Grænland myndi hafa fullan markaðsaðgang á Íslandi fyrir sínar framleiðsluvörur vegna stöðu sinnar gagnvart ESB sem umdæmi handan hafsins.

vii) Úkraína:

Heildarútflutningur ársins 2009 nam rúmlega 1,15 milljörðum króna. Nær eingöngu var um sjávarafurðir að ræða. Enda þótt búið sé að undirrita fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Úkraínu hefur samningur ríkjanna ekki tekið gildi. Ef horft er til þeirra útflutningsafurða þar sem viðskipti síðustu þriggja ára samsvara meira en einni milljón króna í verðmæti er ljóst að takmörkuð breyting yrði á markaðsaðgangi Íslands við aðild að ESB. Ekki yrði breyting á markaðsaðgangi fyrir síld, kolmunna, ufsa, makríl og silung en þessar vörur og nokkrar aðrar (sem jafngilda 65% útfluttra sjávarafurða til Úkraínu á árunum 2008-2010) njóta tollfrelsis við innflutning til Úkraínu samkvæmt almennri tollskrá. Samkvæmt almennri tollskrá Úkraínu er lagður 2% verðtollur á heilfrysta loðnu og heilfrystan karfa en veruleg viðskipti eru með þessar vörur til Úkraínu þrátt fyrir tollinn (um 34% útfluttra sjávarafurða til Úkraínu á árunum 2007-2009). Sá tollur fellur niður við gildistöku fríverslunarsamnings EFTA ríkjanna og Úkraínu, en yrði að öllu óbreyttu lagður á aftur ef Ísland gengi í ESB. Hertir þorskhausar njóta tollfrelsis samkvæmt almennri tollskrá en ufsahausar og annar þurrkaður og saltaður fiskur ber 10% toll, en þessar vörur eru innan við 1% útfluttra sjávarafurða til Úkraínu í dag.

Útflutningur iðnaðarvara nam tæplega 10 milljónum króna árið 2009 og er breytilegur milli ára. Aðgangur fyrir iðnaðarvörur myndi almennt versna við aðild Íslands að ESB. Hins vegar eru fríverslunarviðræður í gangi milli Úkraínu og ESB og myndi fríverslunarsamningur væntanlega breyta því.

viii) Tyrkland:

Heildarútflutningur ársins 2009 nam 819,3 milljónum króna. Þar af nam útflutningur iðnaðarvara rúmlega 141,6 milljónum króna, útflutningur landbúnaðarvara 43 milljónum króna og útflutningur sjávarafurða 635 milljónum króna. Útflutningur sjávarafurða hefur hlaupið á nokkrum tugum milljóna króna síðastliðin ár en stórkjókst á árinu 2009 en fyrst og fremst hefur verið um að ræða ufsa (um 90% útfluttra sjávarafurða til Tyrklands á árunum 2007-2009). Ufsi ber 30% verðtoll samkvæmt almennri tollskrá Tyrklands og nýtur ESB engra sérkjara. Við aðild að ESB myndi því markaðsaðgangur fyrir ufsa versna mikið.

Á grundvelli tollabandalags Tyrklands og ESB myndi markaðsaðgangur fyrir iðnaðarvörur og landbúnaðarvörur ekki versna við aðild Íslands að ESB. Tollabandalag Tyrklands og ESB nær ekki enn sem komið er yfir sjávarafurðir.

ix) Chile:

Heildarútflutningur ársins 2009 nam 703,3 milljónum króna. Þar af nam útflutningur sjávarafurða 617,3 milljónum króna. Ef horft er til þeirra útflutningsafurða (seiði, hrogn og frystur kúfiskur) þar sem viðskipti síðustu þriggja ára samsvara meira en einni milljón kr. í verðmæti er ljóst að engin breyting yrði á markaðsaðgangi Íslands við aðild að ESB, þar sem

innflutningur umræddra vara yrði áfram tollfrjáls á grundvelli fríverslunarsamnings ESB og Chile.

Útflutningur iðnaðarvara nam 85,9 milljónum króna árið 2009. Markaðsaðgangur fyrir langflestar iðnaðarvörur er tollfrjáls skv. fríverslunarsamningi EFTA og Chile, en þó ekki allar, og myndi markaðsaðgangur batna lítillega við aðild að ESB.

Markaðsaðgangur fyrir landbúnaðarvörur yrði óbreyttur.

Pau ríki/ríkjahópar þar sem Ísland er með fríverslunarsamning en ekki ESB og gera má ráð fyrir breytingu á markaðsaðgangi á sviði vöruviðskipta eru GCC-ríkin, Kanada, Kólumbía, Perú, SACU-ríkin (ekki Suður-Afríka), Singapúr og Úkraína. Töluverður útflutningur er til Kanada og Úkraínu en lítil til GCC-ríkjanna, Kólumbía, Perú, SACU-ríkjanna og Singapúr. Hér að ofan er gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu sem frumathugun leiddi í ljós varðandi breytingu á markaðsaðgangi hvað varðar Kanada og Úkraínu.

Þess ber að geta að ESB á í fríverslunarviðræðum við nokkur ríki sem EFTA-ríkin hafa þegar gert fríverslunarsamninga við, t.d. GCC-ríkin, Kanada, Kólumbía, Perú, Singapúr og Úkraínu.

ESB er með fríverslunarsamninga við Alsír, Bosníu-Hersegóvínu, CARIFORUM-ríkin, Fílabeinsströndina, Kamerún, Svartfjallaland og Síryland. EFTA-ríkin/Ísland eru ekki með samninga við þessi ríki og því má gera ráð fyrir bættum markaðsaðgangi fyrir Ísland til þessara ríkja. Þess ber að geta að EFTA-ríkin eiga í fríverslunarviðræðum við Bosníu og Hersegóvínu og Svartfjallaland.

Í dag njóta Ísland og ESB í flestum tilfellum sambærilegra kjara um markaðsaðgang inn á helstu markaði utan ESB s.s. Bandaríkjanna, Japans, Kína og Rússlands.

Varðandi innflutning er mikilvægt að tryggt verði ef til aðildar kemur að sem minnst röskun verði á innflutningi t.d. á hráefni til Íslands vegna hærri tolla innan ESB gagnvart þriðju ríkjum. Fjallað er um innflutning frá þriðju ríkjum til ESB og áhrifin á innflutning ef til aðildar kemur í greinargerðinni um tollabandalagið.

Hvað varðar ***þjónustuviðskipti*** eru bæði Ísland og ESB með fríverslunarsamning við Færeyjar. Ef til aðildar kemur mun Ísland verða aðili að fríverslunarsamningi ESB og Færeyja og því yrði breyting hvað varðar þjónustuviðskiptin þar sem fríverslunarsamningur ESB við Færeyjar nær ekki yfir þjónustuviðskipti. Þess ber þó að geta að til skoðunar hefur verið hvort útvíkka eigi fríverslunarsamning ESB og Færeyja þannig að hann nái einnig yfir þjónustuviðskipti.

Bæði ESB og Ísland eru með fríverslunarsamninga við Chile og Suður-Kóreu sem ná yfir þjónustuviðskipti. Samningar ESB eru víðtækari og ná yfir fleiri þjónustusvið. Ef til aðildar Íslands að ESB kemur fær Ísland aðild að samningum ESB og mun njóta markaðsaðgangs á sviði þjónustuviðskipta á grundvelli þeirra.

Fríverslunarsamningar Íslands við GCC-ríkin, Kólumbía, Singapúr og Úkraínu ná yfir þjónustuviðskipti. ESB er ekki með fríverslunarsamninga við þessi ríki. Ef til aðildar kemur yrði því töluverð breyting hvað varðar markaðsaðgang á sviði þjónustuviðskipta, að svo miklu leyti sem sá markaðsaðgangur er rýrari út frá skuldbindingum viðkomandi ríkis innan WTO eða samkvæmt innlendri löggjöf þess lands. ESB á í fríverslunarviðræðum við þessi ríki. Gera

má ráð fyrir því að í framtíðar fríverslunarsamningum ESB við þessi ríki mun ESB öðlast hliðstæðan markaðsaðgang á sviði þjónustuviðskipta og EFTA-ríkin/Ísland hafa í dag.

ESB hefur gert fríverslunarsamning við CARIFORUM-ríkin sem nær yfir þjónustuviðskipti. Ef til aðildar Íslands að ESB kemur fær Ísland aðild að fríverslunarsamningi ESB og CARIFORUM-ríkjanna og mun njóta markaðsaðgangs á sviði þjónustuviðskipta samkvæmt honum.

Áður en kemur að mótun samningsafstöðu Íslands verður unnið frekar að því að greina markaðsaðgang á sviði vöruviðskipta til mikilvægustu markaðssvæðanna fyrir íslenskar útflutningsvörur, þ.e. til Noregs, Sviss, Færeyja, Kanada, Suður-Kóreu, Grænlands, Úkraínu, Tyrklands og Chile. Jafnframt verður markaðsaðgangur hvað varðar þjónustuviðskipti skoðaður nánar.

b. Annað samstarf

Í viðskiptasamningi Íslands og Rússlands sem tók gildi 4. desember 1991 er að finna ákvæði um bestukjarameðferð. Ef til aðildar kæmi yrði að breyta þeim ákvæðum í samræmi við regluverk ESB. Jafnframt yrði Ísland aðili að samstarfssamningi ESB og Rússlands sem kveður einnig á um bestukjarameðferð. Við aðild Rússlands að WTO myndi það þó undirgangast bestukjarareglu þess gagnvart Íslandi sem væri sama eðlis og umrætt ákvæði tvíhliða samnings ríkjanna.

c. Fjárfestingasamningar

Ísland hefur gert tólf fjárfestingasamninga við önnur ríki, þar af tvo samninga við núverandi ESB ríki, þ.e. Lettland og Litháen. Þá á Ísland aðild að samningum EFTA-ríkjanna um fjárfestingar við Suður-Kóreu og í fríverslunarsamningi EFTA við Singapúr er að finna kafla um fjárfestingar. Ef til aðildar Íslands að ESB kemur myndu falla úr gildi fjárfestingasamningar Íslands við Lettland og Litháen. Samningar EFTA-ríkjanna myndu sömuleiðis falla úr gildi hvað Ísland varðar.

Auk áður nefndra samninga hefur Ísland gert fjárfestingasamninga við Chile, Egyptaland, Indland, Kína, Líbanon, Mexíkó, Víetnam og Úganda.

Í álitum framkvæmdastjórnar ESB frá febrúar 2010 segir að sum ákvæði í tvíhliða fjárfestingarsamningum Íslands muni þurfa að samræma regluverk ESB í samræmi við skuldbindingar skv. 64., 66. og 75. gr. SSE og viðeigandi dómaframkvæmd. Á það einkum við um þá samninga sem heimila frjálsa fjármagnsflutninga í tengslum við fjárfestingar milli undirritunarlandanna og bjóða að fyrirfram verði komið á innlendri meðferð fyrir fjárfesta frá þriðju löndum að því er varðar þjónustu. Ef til aðildar Íslands að ESB kemur myndi þurfa að breyta ákvæðum í þessum samningum um yfirfærslur á fjármunum í samræmi við regluverk ESB.

Varðandi síðarnefnda atriðið um innlenda meðferð fyrir fjárfesta er þar átt við að íslenskum stjórnvöldum sé ekki heimilt að veita erlendum fjárfesti markaðsaðgang (e. *pre-establishment*) þegar hann hyggst fjárfesta í gistiríkinu. Tulkun ESB er sú, með vísan til gr. 207 SSE, að framkvæmdastjórn ESB sé heimilt að veita slíkan markaðsaðgang í samningum sínum, en ekki einstök aðildarríki. Slíkt ákvæði er einungis að finna í fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við Suður-Kóreu og Singapúr, en ekki í þeim tvíhliða samningum sem Ísland hefur gert. Samningarnir við Suður-Kóreu og Singapúr falla úr gildi ef til aðildar Íslands að ESB kemur.

3. Einhliða ráðstafanir – áhrif kafla

3.1. Viðskiptavarnir (e. *trade defence*)

3.1.1. Ráðstafanir gegn undirboðum

Gerðir ESB um beitingu undirboðstolla sem vísað er til í umfjöllun fyrir í greinargerðinni eru allar byggðar á samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um undirboðstolla. Bæði Ísland og ESB eru aðilar að samningnum og hafa skuldbundið sig til þess að beita undirboðstollum í samræmi við hann. Í 133.-137. gr. tollalaga, nr. 88/2005 er að finna ákvæði um undirboðstolla, en þar er að finna sambærilegar heimildir og í fyrrgreindum gerðum. Ákvæðin í tollalögnum eru þó ekki jafn ítarleg og reglur ESB. Nánar er fjallað um framkvæmd ráðstafana gegn undirboðum í reglugerð um undirbúning og framkvæmd álagningar og innheimtu undirboðs- og jöfnunartolla nr. 351/1994. Í álitni framkvæmdastjórnar ESB frá febrúar 2010 segir að íslensku tollalögin séu einnig lagalegur grundvöllur fyrir ráðstafanir gegn undirboðum og jöfnunarráðstöfunum til að veða upp á móti tjóni af völdum niðurgreidds innflutnings. Forræði til að leggja á undirboðstolla færast frá Íslandi til framkvæmdastjórnar ESB. Einstök aðildarríki geta lagt fram kröfu þar um. Ef til aðildar kemur mun þurfa að endurskoða tollalög nr. 88/2005, meðal annars um þetta atriði. Ísland hefur aldrei beitt þessum ráðstöfunum.

3.1.2. Jöfnunartollar

Ákvæði reglugerðarinnar sem kveður á um beitingu jöfnunartolla og vísað er til í umfjöllun fyrir í greinargerðinni er byggð á samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um jöfnunartolla og sömuleiðis er í 133.-137. gr. tollalaga, nr. 88/2005 að finna ákvæði um jöfnunartolla. Nánar er fjallað um framkvæmd jöfnunartolla í reglugerð um undirbúning og framkvæmd álagningar og innheimtu undirboðs- og jöfnunartolla nr. 351/1994. Í álitni framkvæmdastjórnar ESB frá febrúar 2010 segir að íslensku tollalögin séu einnig lagalegur grundvöllur fyrir ráðstafanir gegn undirboðum og jöfnunarráðstöfunum til að veða upp á móti tjóni af völdum niðurgreidds innflutnings. Forræði á að leggja á jöfnunartolla færast frá Íslandi til framkvæmdastjórnar ESB. Einstök aðildarríki geta lagt fram kröfu þar um. Ef til aðildar kemur mun þurfa að endurskoða tollalög nr. 88/2005, meðal annars um þetta atriði. Ísland hefur aldrei beitt þessum ráðstöfunum.

3.1.3. Mótvægisáðgerðir

Gerðir ESB um beitingu mótvægisáðgerða eru allar byggðar á samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um undirboðstolla. Bæði Ísland og ESB eru aðilar að samningnum og hafa skuldbundið sig til þess að beita mótvægisáðgerðum í samræmi við hann. Engin ákvæði eru í íslenskum tollalögum varðandi beitingu almennra mótvægisáðgerða. Yrði það einungis gert með lögum. Í tollalögum eru hins vegar ákvæði um sérstakar mótvægisáðgerðir vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum sem leiða af reglum landbúnaðarsamnings WTO. Ákvæði þar um er að finna í 138. gr. tollalaga nr. 88/2005. Þeim heimildum hefur hins vegar aldrei verið beitt. Við aðild myndi forræði til að grípa til mótvægisáðgerða, almennra og sértækra á sviði landbúnaðar, í formi hærri tolla í samræmi við reglur WTO, færast frá Íslandi til framkvæmdastjórnar ESB.

3.2. Reglugerð um viðskiptavarnir á erlendum mörkuðum

Ekki er að finna hliðstæð ákvæði í íslenskum rétti og reglugerð ráðsins nr. 3286/94 um viðskiptavarnir á erlendum mörkuðum kveður á um. Ef til aðildar kemur hefur reglugerðin bein réttaráhrif hér á landi.

3.3. Viðskipti með hlutir með tvíþætt notagildi

Samkvæmt álitni framkvæmdastjórnar ESB frá febrúar 2010 hefur Ísland innan ramma Evrópska efnahagssvæðisins komið á eftirlitskerfi vegna útflutnings á vörum sem þjóna tvenns konar tilgangi sem endurspeglar viðkomandi löggjöf ESB.

Með lögum nr. 58/2010 um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu voru gildandi lagaheimildir styrktar um eftirlit með hlutum með tvíþætt notagildi. Reglugerð ráðsins nr. 428/2009 mun hafa bein réttaráhrif á Íslandi ef til aðildar kemur. Í undirbúningi er hins vegar að innleiða efnislega sömu reglur hérlendis með tilvísun í EES-samninginn.

3.4. Kimberley-ferlið

Í álitni framkvæmdastjórnar ESB frá febrúar 2010 er sérstaklega bent á að Ísland sé ekki aðili að Kimberley-ferlinu svokallaða og því sé löggjöf landsins á því sviði ekki í samræmi við regluverk ESB. Því eru ekki sérstakar kröfur gerðar til þess að við innflutning á demöntum fylgi sérstök upprunavottorð í samræmi við ferlið.

Ef til aðildar kemur mun reglugerð ESB varðandi Kimberley-ferlið hafa bein réttaráhrif hér á landi. Ísland yrði að tilnefna eftirlitsaðila ESB (e. *community authority*) sem myndi annast meðferð við inn- og útflutning á óunnum demöntum. Allur innflutningur á óunnum demöntum verður að hljóta samþykki slíks eftirlitsaðila ESB og sé það ekki til staðar í innflutningsríkinu skal leitað til eftirlitsaðila í öðru ríki. Einnig yrði Ísland að koma á nægilegu innra eftirliti og hafa bolmagn til þess framfylgja reglum ESB á þessu sviði. Upplýsa yrði ESB reglulega um viðskipti og stöðu mála hér á landi á þessu sviði.

3.5. Viðskipti með vörur sem gætu nýst við aftökur, pyndingar eða aðra grimma, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu

Ísland er aðili að þeim alþjóðasamningum sem vísað er til í reglugerð ráðsins nr. 1236/2005 og hefur tekið undir þau sjónarmið á alþjóðavettvangi. Ekki er að finna hliðstæð ákvæði í íslenskum rétti og reglugerðin kveður á um. Ef til aðildar kemur hefur reglugerðin bein réttaráhrif hér á landi.

3.6. Útflutningslán (e. *export credits*)

Samkvæmt íslenskum rétti er ekki fyrir hendi opinbert kerfi sem býður útflutningslán á eins breiðum grunni og heimilt er samkvæmt löggjöf ESB. Á forræði iðnaðarráðuneytisins eru ein lög sem fjalla um útflutningstryggingar. Það eru lög nr. 61/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Í II. kafla þeirra laga er fjallað um hlutverk og starfsemi tryggingardeildar útflutnings (TRÚ) sem Nýsköpunarsjóður starfrækir. Samkvæmt þeim lögum er starfrækt tryggingarkerfi þar sem eingöngu eru í boði útflutningstryggingar og ábyrgðir. Áhættan í þeim verkefnum getur bæði verið viðskiptalegs og stjórnmalalegs eðlis.

Starfsemi TRÚ er lýst með fremur almennum hætti í lögnum og engar sérreglur er að finna um einstakar atvinnugreinar. Tekið er fram að heimildir TRÚ takmarkist við að ekki skuli að jafnaði veita ábyrgð eða tryggingu til skemmri tíma en tveggja ára til aðila innan aðildarríkja EES-samningsins eða OECD.

Í álitni framkvæmdastjórnarinnar segir að íslenska útflutningslánakerfið sé í samræmi við orðsendingu EB um skammtímaútflutningslán, svo og fyrirkomulag OECD um útflutningslán.

Eins og áður hefur komið fram eru aðildarríki ekki skuldbundin til að veita útflutningslán eða starfrækja stofnanir á því sviði. Það er undir hverju aðildarríki komið hvort slík aðstoð sé veitt. Sé hún hins vegar veitt skal hún vera í samræmi við reglur ESB. Aðildarríkjunum ber að tryggja að útflutningslánakerfi séu í samræmi við reglur ESB. Í þeim ríkjum þar sem slíkt kerfi er að finna ber að tilkynna aðstoð á sviði útflutningslána til ESB.

Ef til aðildar kemur mun Ísland þurfa að tryggja að aðstoðarkerfi séu í samræmi við reglur og tilkynna þá aðstoð sem veitt er á sviði útflutningslána til ESB.

3.7. Tollfríðindi fyrir fátækustu ríki heims – GSP

Ísland hefur GSP-kerfi þar sem felldir eru niður tollar vegna vara sem upprunnar eru í fátækustu ríkjum heims. Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, nr. 88/2005, skal fella niður toll af vörum sem upprunnar eru í fátækustu ríkjum heimsins, samkvæmt skilgreiningu nefndar Sameinuðu þjóðanna um auðveldun viðskipta og þróunarmál (e. *UNCTAD/Committee on Enterprise, Business Facilitation and Development*), til samræmis við niðurfellingu tolla á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðisins. Nánar er kveðið á um niðurfellinguna í reglugerð nr. 119/2002, um tollfríðindi við innflutning vara sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims.

Í íslenska kerfinu eru veittar niðurfellingar á iðnaðarvörum, unnum landbúnaðarafurðum og sjávarafurðum en margar landbúnaðarafurðir eru undanskildar. Í álit framkvæmdastjórnar ESB frá febrúar 2010 segir að í samanburði við viðeigandi regluverk ESB sé bæði umfang fríðindanna og fjöldi þeirra landa sem þeirra njóta takmarkaður á Íslandi. Má því segja að íslenska kerfið gangi mun skemur í veitingu fríðindameðferðar en ESB þar sem um er að ræða færri tollskrárnúmer, færri ríki og ekki eins víðtækt GSP-kerfi og ESB. Ennfremur segir í álit ESB að ef til aðildar kemur mun Ísland þurfa að beita því GSP-kerfi sem ESB býður tilteknum þriðju ríkjum.

Við aðild mun Ísland þurfa að fella úr gildi lög sín og innlendar ráðstafanir í tengslum við almenna tollfríðindakerfið en framkvæma þess í stað tollfríðindakerfi ESB í gegnum tollskrá þess. Ef til aðildar kemur mun þurfa að endurskoða tollalög nr. 88/2005, meðal annars um þetta atriði. Talið er að áhrif þess að taka upp GSP-kerfi ESB verði ekki mikil enda verði Ísland aðili að tollabandalagi ESB og sameiginlegri landbúnaðarstefnu þess.

3.8. Reglugerðir um vefnaðarvörur

Ekki er að finna hliðstæð ákvæði í íslenskum rétti og reglugerðir nr. 3030/93 og 517/1994 um vefnaðarvörur kveða á um. Ef til aðildar kemur hafa reglugerðirnar bein réttaráhrif hér á landi.

3.9. Viðskiptasamráð

Ísland á reglubundna fundi með háttsettum embættismönnum um viðskiptamál við Bandaríkin, Færeyjar, Pólland, Japan, Kína, Rússland og Þýskaland. Á þessum fundum eru tekin fyrir þau mál sem hæst ber í viðskiptum ríkjanna, farið yfir viðskiptatækifæri, ýtt á samninga þar sem það á við og reynt að leysa vanda sem einstök fyrirtæki hafa lent í. Hafa þessir fundir myndað og treyst tengsl utanríkisráðuneytisins og hlutaðeigandi fagraðuneyta við mikilvæga aðila í stjórnkerfi viðkomandi ríkja og reynst bæði stjórnvöldum og fyrirtækjum happadrjúgir í gegnum tíðina.

Aðildarríkjunum er heimilt að stofna til samninga um efnahagslega samvinnu við ríki utan ESB. Í því sambandi þarf þó að fara eftir vissum málsmeðferðareglum vegna hagsmuna ESB.

Ekki er talið að ef til aðildar kemur muni það hafa áhrif á tilvist viðskiptasamráða Íslands við fyrrgreind ríki.

Kerfisbreytingar /stofnanir

Með þátttöku í sameiginlegu viðskiptastefnunni munu íslensk stjórnvöld þurfa í ríkum mæli að móta afstöðu til einstakra mála sem upp koma undir rekstri stefnunnar. Ákveða þyrfti hvernig afstaða Íslands yrði mótuð innanlands. Gera má ráð fyrir að þátttaka í sameiginlegu viðskiptastefnunni og stefnumótun myndi m.a. kalla á aukna virkni utanríkisráðuneytisins, sjávar- og landbúnaðarráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, efnahags- og viðskiptaráðuneytisins, undirstofnana þeirra o.fl. á þessu sviði.

Sameiginlega viðskiptastefnan varðandi vöruviðskipti er að mestu framkvæmd í gegnum tollabandalag ESB. Um framkvæmd þess innanlands eftir til aðildar kemur er vísað til viðkomandi greinargerðar. Ljóst er að umsýsla með innflutningseftirliti frá þriðju ríkjum yrði umfangsmeiri.

Varðandi framkvæmd annarra atriða og samninga við þriðju ríki fer framkvæmd þeirra yfirleitt fram í gegnum aðra löggjöf ESB. Af því leiðir að hefðbundin stjórnvöld sem fara með hvern málaflokk myndu óbeint annast þá framkvæmd.

Fjárhagsleg áhrif

Þrátt fyrir að fríverslunarsamninganet Íslands annars vegar og ESB hins vegar nái í flestum tilvikum til sömu ríkja og veiti sambærilegan markaðsaðgang fyrir helstu útflutningsafurðir Íslands, er það ekki algilt. Eins og fyrrgreind frumgreining leiddi í ljós verður einhver breyting á markaðsaðgangi á sviði vöru- og þjónustuviðskipta fyrir íslensk fyrirtæki á mikilvægum markaðssvæðum ef til aðildar kemur, þ.e. að einhver markaðsaðgangur ávinnist inn á markaði utan sambandsins og tapist á öðrum.

EES OG SCHENGEN (EF VIÐ Á)

- Staða innleiðingar
- Undanþágur

Á ekki við.

ALÞJÓÐASAMNINGAR SEM EIGA UNDIR KAFLANN

Hér að ofan hefur þegar verið gerð grein fyrir nokkrum samningum sem falla undir kaflann og varða sameiginlegu viðskiptastefnu ESB.

ESB STOFNANIR OG SJÓÐIR SEM EIGA UNDIR KAFLANN

Hér að ofan er gerð grein fyrir viðskiptastefnunefnd ráðsins (e. *Trade Policy Committee*) og alþjóðaviðskiptanefnd Evrópuþingsins (INTA-nefndin).

Í fylgiskjali 3 er að finna yfirlit yfir þær nefndir og vinnuhópa sem falla undir ráðið og framkvæmdastjórnina og varða sameiginlegu viðskiptastefnuna. Talin er þörf á að kortleggja frekar þátttöku Íslands í þessum nefndum ef til aðildar kemur.

SJÓNARMÍÐ SEM MIKILVÆGT ER AÐ HAFA Í HUGA ÞEGAR TIL VIÐRÆÐNA KEMUR

Mikilvægustu hagsmunir

- Tryggja þarf markaðsaðgang fyrir helstu útflutningsvörur og -þjónustu Íslands á mikilvægustu mörkuðum ESB og í fríverslunarsamningum eða -viðræðum ESB þar sem Ísland á hagsmuni að gæta. Um er að ræða tilteknar iðnaðarvörur, sjávarafurðir og landbúnaðarvörur og mikilvæg þjónustusvið.
- Tryggja þarf að í fríverslunarsamningum eða -viðræðum ESB við ríki utan sambandsins verði tollar afnumdir eða lækkaðir hjá ESB á innflutningsvörum sem eru mikilvægar fyrir Ísland eða að sambærilegur aðgangur til Íslands verði tryggður með öðrum leiðum. Má þar nefna hráefni til iðnaðar og fiskvinnslu frá ríkjum utan sambandsins. Jafnframt að leitast verði við að tryggja hliðstæðan markaðsaðgang fyrir innflutning á þjónustu og er að finna í fríverslunarsamningum sem Ísland á aðild að, þegar um er að ræða sömu ríki og ESB hefur fríverslunarsamning við eða á í viðræðum við.
- Finna þarf lausnir vegna Hoyvíkursamningsins við Færeyjar á þeim sviðum þar sem hann gengur lengra en fríverslunarsamningur ESB og Færeyja, til að tryggja viðskiptatengsl við Færeyjar.

Sérlausnir og fordæmi frá öðrum ríkjum og hugsanlegar sérlausnir fyrir Ísland

Ekki er um margar sérlausnir að ræða á þessu sviði. Þó eru reglur og fordæmi í löggjöf ESB sem gætu nýst Íslandi til að ná fram ofangreindum hagsmunum:

- Vegna afnáms tolla um lengri eða skemmri tíma vegna hráefnis til vinnslu er vísað til reglugerðar (EB) nr. 1255/1995, sem sett er með heimild í 31. gr. SSE. Gerðin fellur undir tollabandalagið. Samkvæmt lista sambandsins er bæði um að ræða niðurfellingu tolla vegna innflutnings á málmgrýti en einnig sjávarafurðum. Í sameiginlegri yfirlýsingu við síðasta aðildarsamning Noregs, sem ekki tók gildi, er sérstaklega tekið fram að sambandið skuli beita þessum reglum til að tryggja fiskiðnaði í Norður-Noregi hráefni til vinnslu.
- Samkvæmt reglugerð nr. 520/1994 sem kemur á fót reglum sambandsins um stýringu tollkvóta (nær til allra vara sem ekki gilda sérreglur um) er heimilt að útteila inn- og útflutningskvótum í samræmi við söguleg viðskipti. Samskonar heimildir er að finna í reglugerð (EB) nr. 1234/2007 um sameiginlegt skipulag fyrir markaði með landbúnaðarvörur.
- Ívilnandi reglur fyrir frönsku svæðin, Gvadelúpeyjar, Gvæjana, Martiník og Réunion og einnig Kanaríeyjar, Azoreyjar og Madeira. Sækja mætti hugmyndir um fordæmi fyrir sérlausnum í fyrirkomulag þessara svæða, m.a. varðandi heimild til að flytja vörur inn frá þriðju ríkjum tollfrjálst til að tryggja nægjanlegt framboð af vörunni á viðkomandi svæði, sbr. t.d. reglugerð (EB) nr. 943/2010, sem er þess efnis og varðar Azoreyjar og Madeira.
- Þegar nýtt ríki gengur í Evrópusambandið þarf að gera bókanir við fríverslunarsamninga sambandsins til að taka mið af stækkuninni. Slík bókan var meðal annars gerð við fríverslunarsamning ESB og Búlgaríu við inngöngu tíu ríkja í sambandið árið 2004. Í þeirri bókun er bæði kveðið á um afnám tolla á tilteknar landbúnaðarvörur við innflutning inn til Búlgaríu frá aðildarríkjum ESB og öfugt. Í öðrum tilvikum eru veittir ívilnandi innflutningskvótar. Að sama skapi var samið um

stærri innflutningskvóta fyrir sjávarafurðir í bókun við fríverslunarsamning Króatíu og ESB, vegna aðildar Rúmeníu og Búlgaríu að sambandinu. Enda þótt ESB geti ekki ábyrgst að samningar náist við viðkomandi ríki um slíkt fyrirkomulag mætti krefjast þess að ESB gerði tilraun til að semja um kvóta fyrir sjávarafurðir frá Íslandi við gerð bókunar vegna hugsanlegrar aðildar Íslands. Samkvæmt reglum ESB um meðferð inn- og útflutningskvóta sem ESB skal stýra má útdeila þeim á sögulegum grunni. Fordæmi eru fyrir því að ESB stýri sjálft innflutningskvótum sem það hefur inn til þriðja ríkis, þó þau séu mjög fá, og geti þar með stýrt þeim á sögulegum grunni.

- Í aðildarviðræðum Finnlands, Svíþjóðar og Noregs þurfti að tryggja áframhaldandi viðskipti við Eystrasaltsríkin Eistland, Lettland og Litháen. Lausnin fólst í því að ESB kláraði fríverslunarviðræður sínar við ríkin áður en til aðildar Finnlands og Svíþjóðar kom, til að ekki yrðu hnökrar í viðskiptum milli ríkjanna. Mögulega mætti óska eftir því að ESB tæki upp viðræður við Færeyjar um útfærslu fríverslunarsamnings ESB og Færeyja svo hann næði til fleiri þátta en vöruviðskipta.

Annað

Í greinargerðinni um utanríkistengsl er greint frá því að í fyrri aðildarsamningum nýrra ríkja að ESB semji ESB í sumum tilfellum um aðild nýrra aðildarríkja að samningum sínum við erlend ríki og breytingar á þeim með gerð viðauka við samninginn eða sérstökum samningi. Eins og áður hefur komið fram má gera ráð fyrir að markaðsaðgangur Íslands á sviði vöru- og þjónustuviðskipta á grundvelli fríverslunarsamninga Íslands við ríki eða ríkjahópa muni tapast í einhverjum tilfellum og ávinnast á öðrum ef til aðildar kemur.

Í þeim tilfellum þar sem Ísland og ESB eru með samninga við sömu ríki og ríkjahópa er lögð áhersla á að ESB geri kröfu um að samningi ESB við viðkomandi ríki verði breytt og Íslandi og aðildarríkjum ESB verði tryggður sá markaðsaðgangur fyrir helstu útflutningsafurðir Íslands sem Ísland hafði áður á grundvelli fríverslunarsamnings Íslands við viðkomandi ríki.

Í þeim tilfellum þar sem ESB er í fríverslunarviðræðum við þau ríki sem Ísland er með fríverslunarsamning við verði gerð sú krafa að ESB leggi fram kröfur í viðræðunum sem tryggi útflutningsvörum- og þjónustu Íslands sem bestan markaðsaðgang og ekki lakari en Ísland hefur á grundvelli núgildandi samnings við viðkomandi ríki.

ANNAÐ (FRAMTÍÐARÞRÓUN, DÓMAFORDÆMI O.S.FRV.)

Eins og greint var frá hér að framan varð sú breyting með SSE að erlendar fjárfestingar falla núna undir sameiginlegu viðskiptastefnu ESB og þar með hefur ESB fullar valdheimildir á því sviði. Áður fyrr féll það undir valdsvið aðildarríkjanna að gera fjárfestingasamninga við þriðju ríki. Í gildi eru um 1.200 fjárfestingarsamningar milli aðildarríkjanna og þriðju ríkja. Í júlí 2010 kynnti ESB tvö ný skjöl sem varða þessa breytingu:

1. Stefnuskjal um alþjóðlega fjárfestingarstefnu ESB þar sem skoðað er hvernig fjárfestingastefnan geti lagt eitthvað af mörkum til “smart, sustainable and inclusive growth” markmiða European 2020 stefnunnar. Markmið stefnunnar er að styrkja stöðu fjárfesta sem stunda erlendar fjárfestingar bæði innan ESB og utan og tryggja að þeir geti fjárfest í viðskiptaumhverfi sem er opið, traust og fyrirsjáanlegt bæði innan viðkomandi ríkja og milli þeirra. Talið er að með því að ESB semji um erlendar fjárfestingar sé hægt að ná sem hagkvæmustum samningum og tryggja öllum fjárfestum frá aðildarríkjunum fjárfestingafrelsi og -vernd. Með því er verið að jafna stöðu fjárfesta frá öllum aðildarríkjunum sem nutu áður

mismunandi verndar á grundvelli tvíhliða fjárfestingasamninga. Lögð er rík áhersla á að staða fjárfesta frá aðildarríkjunum verði ekki verri en hún var á grundvelli tvíhliða fjárfestingasamninga. Jafnframt er talið að ESB sé í betri stöðu til að semja um betri fjárfestingasamninga en aðildarríkin hvert fyrir sig. Einnig er talið að slík stefna muni leiða til aukinnar samkeppnishæfni og þar með bæta efnahag Evrópusambandsríkjanna sem er í samræmi við markmið 2020 stefnunnar. Í stefnunni er jafnframt rætt um framtíðar fjárfestingasamninga ESB við þriðju ríki og að líklegast verði teknar upp viðræður um erlendar fjárfestingar við þau ríki sem ESB á þegar í fríverslunarviðræðum við svo ljóst er að miklir hagsmunir eru í húfi á því sviði.

2. Tillögu að reglugerð sem felur í sér bráðabirgðaráðstafanir hvað varðar breytingar á tvíhliða fjárfestingasamningum ESB-ríkjanna við þriðju ríki. Í tillögunni er aðildarríkjum m.a. falið að semja um breytingar á tvíhliða fjárfestingasamningum í samræmi við regluverk ESB. Jafnframt er þar að finna ákvæði um í hvaða tilfellum beri að segja upp tvíhliða fjárfestingasamningum, hvenær aðildarríkjum er heimilt að semja um slíka samninga o.fl. Markmiðið með tillögunni er að tryggja með lögum bæði stöðu fjárfesta frá aðildarríkjunum og erlendra fjárfesta án þess að koma í veg fyrir möguleika ESB til að semja um nýja fjárfestingasamninga á vettvangi ESB.